



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg: Félag löggiltra endurskoðenda
Áb: Eymundur S. Einarsson
formaður
formaður Ritnefndar FLE
Janúar 2009
31. árgangur 1. tölublað

FLE fréttir

EFNI BLAÐSINS

Áhrif árferðis á fjármálamörkuðum og samdráttar í efnahagslífinu á endurskoðun	1
Frátekna dagsetningar	4
Af stjórnarborði	4
Gleggri á tölur en rjúpur	5
SME ráðstefna í Kaupmannahöfn	7
Aðkallandi að löggildingin sjálf fái viðhlítandi vægi	9
Efni frá aðalfund FLE 2008	11
Nýjar siðareglur FLE	11
Nýjar tillögur að skipulagi og starfsemi FLE	11
Skýrsla faglegs framkvæmdastjóra	14
Til hamingju með afmælið – árið 2009	17
Stjórn og nefndir 2008–2009	18
Veislan smærri í sniðum	19
Nýr framkvæmdastjóri FLE	19
Endurskoðunardagur FLE	20
Reikningsskiladagur FLE	20
Haustráðstefna FLE	21
Ekki bundinn við sömu þúfuna	23
Tilkynning til félagsmanna FLE	23
Nýir félagar árið 2009	24
Löggildingarpróf	24
Afhending löggildingarskírteina í byrjun árs 2009	25
GOLFannáll	26

Áhrif árferðis á fjármálamörkuðum og samdráttar í efnahagslífinu á endurskoðun

Grein þessi er byggð á fyrirlestri sem haldinn var á hádegisverðarfundum FLE þann 10. september s.l. nokkru áður en núverandi fjármálakreppa reið yfir í íslensku og alþjóðlegu fjármálalífi en efni hennar á engu að síður við.

Efni það sem hér er til umfjöllunar er viðameira en svo að því verði gerð einhver viðhlítandi skil í stuttri grein og verður því án efa margt ósagt sem varðar þetta efni.

Þegar rætt er um áhrif árferðis á endurskoðun kemur í hugann hvort endurskoðun taki breytingum eftir ytri aðstæðum. Gilda e.t.v. aðrar leiðbeinandi reglur um endurskoðun þegar skóinn kreppir í efnahagslífinu en þegar allt leikur í lyndi eða eru einhver önnur vandamál sem geta komið upp við þessar aðstæður sem áhugavert er að leiða hugann að.

Markmið endurskoðunar

Markmið endurskoðunar er að láta í ljós álit á reikningsskilum eða öðrum upplýsingum þar sem óskað er staðfestingar frá óháðum sérfræðingi á sviði endurskoðunar. Slík álitgerð krefst þekkingar á tveim mikilvægum sviðum, endurskoðun og reikningshaldi, en þau hafa verið í mikilli þróun undanfarin ár og hafa verið æ fyrirferðameiri í umræðunni ekki síst í alþjóðlegu samhengi. Með breytingum á íslenskri löggjöf voru alþjóðlegir reikningsskilastaðlar innleiddir hér á landi og verið er að innleiða alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en hvort tveggja gera auknar kröfur á báðum þessum sviðum. Þó það megi teljast mjög jákvætt að innleiða alþjóðlega staðla á sviði endurskoðunar og reikningsskila tel ég áhyggjuefni hversu mikið vantar á að þessi tvö svið hafi fylgst að á sameiginleg-



Ólafur B. Kristinsson
endurskoðandi
Pricewaterhouse
Coopers hf.

um vettvangi endurskoðenda hér á landi eins og þeir vita sem til þekkinga.

Skýr og áreiðanleg framsetning reikningsskila er sameiginlegt markmið endurskoðenda og stjórnar. Notendur reikningsskila þurfa upplýsingar um starfsemi og stöðu fyrirtækja og að geta treyst áreiðanleika þeirra. Þrátt fyrir þetta sameiginlega markmið er lögð mikil áhersla á skiptingu ábyrgðar milli endurskoðenda og stjórnar hvað varðar reikningsskil.

Áreiðanleg reikningsskil

Ákveðnar leikreglur gilda um framsetningu reikningsskila og grundvallarregla að þau séu samin af stjórnendum og ábyrgð stjórnar. Þetta krefst mikillar þekkingar þegar um er að ræða flókinn, viðamikinn rekstur. Markmið reikningsskilareglna er að veita skýrar og greinargóðar upplýsingar um árangur og horfur í starfsemi rekstraraðila. Reglurnar geta hins vegar verið flóknar og gert miklar kröfur til þeirra sem samskipa reikningsskilum og til lesenda þeirra.

Hlutverk endurskoðenda er að sannreyna og staðfesta áreiðanleika reikningsskila sem sett eru fram af stjórn. Það krefst sérfræðiþekkingar á reikningsskilum að minnsta kosti til jafns



við stjórnendur og helst umfram það. Auk þess krefst það sérfræðipækkingar á sviði endurskoðunar.

Þar sem reikningsskil fylgja settum reglum, eru samin af fólki með sérfræðipækkingu á sviði reikningsskila og staðfest af sérfræðingum á sviði endurskoðunar hljóta þau að gefa glögga mynd og vera áreiðanleg. Því er eðlilegt að spurt sé hvort eitthvað geti komið í veg fyrir það annað en þekkingarskortur þessara aðila?

Ýmislegt getur þó komið í veg fyrir áreiðanleg reikningsskil svo sem eins og mistök vegna þekkingarskorts starfsmanna, óljósar reglur auk þess sem starfsemi fyrirtækja getur verið býsna flókin jafnvel innan sömu atvinnugreinar þar sem sambærilegar reglur gilda um framsetningu reikningsskila. Eins getur verið um að ræða að ágreiningur um túlkun eða ásetningsbrot leiði til þess að reikningsskil gefi ekki glögga mynd.

Áhrif rekstrarumhverfis á reikningsskil

Spyrja má hvort það séu meiri líkur á röngum reikningsskilum þegar rekstrarumhverfi er óhagstætt. Reynslan segir að stjórnendur sem eru undir verulegum þrýstingi að standast væntingar leitist við að túlka reikningsskilareglur sér í vil.

En hvaða áhrif hefur óhagstætt rekstrarumhverfi á endurskoðunina? Er endurskoðun óháð rekstrarumhverfinu? Eru einhver ákvæði í alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum sem taka sérstaklega tillit til slíkra aðstæðna? Því má svara játandi og neitandi. Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar gera ráð fyrir því að endurskoðandinn afli sér þekkingar á rekstrareiningunni og umhverfi hennar, afli upplýsinga um viðskiptaáhættu og geri sér grein fyrir því hvernig hún getur haft áhrif á endurskoðunina. Hins vegar eru engir sérstakir staðlar sem gilda um tilteknar aðstæður í umhverfinu.

Leiðbeiningar APB

Í byrjun þessa árs sendi breska endurskoðunarráðið (The Auditing Practices Board) frá sér fréttablað (Bulletin 2008/01) undir heitinu *Audit issues when financial market conditions are difficult and credit facilities may be restricted*. Tilgangur þessa fréttablaðs er að veita endurskoð-

endum leiðbeiningar um viðbrögð við ríkjandi ástandi á fjármálamörkuðum. Þar er vakin athygli á því að á undanförmum mánuðum hafi aðstæður á fjármálamörkuðum einkennst af erfiðleikum í viðskiptum með hvers konar fjármála-gerninga og það hafi valdið verulegum erfiðleikum fyrir fyrirtæki við að afla sér lausafjár. Um er að ræða til dæmis fjáreignir eins og skulda-bréf, hlutabréf og hvers konar afleiðugerninga. Erfiðleikar í viðskiptum geta aukið hættuna á því að slíkar fjáreignir séu ekki rétt metnar og þar af leiðandi hættuna á verulegum skekkjum í reikningsskilum. Auk þess eru almenn áhrif aðstæðna á fjármálamörkuðum þau að fyrirtæki eiga erfitt með fjármögnun vegna takmarkaðs aðgengis að fjármagni.

Þó lánsfjákræppan (credit crunch) sé líklegri til þess að hafa áhrif á fyrirtæki í fjármálageiranum ná áhrifin óhjákvæmilega til fyrirtækja á öðrum sviðum sem þurfa á fjármagni að halda á næstu mánuðum eða eiga fjáreignir sem hafa lækkað í verði eða erfitt er að meta þar sem virkur markaður er ekki lengur til staðar.

Leiðbeiningar APB beinast einkum að áhættumati, rekstrarhæfi, matskenndum liðum reikningsskila, skýringum reikningsskila og áritun endurskoðenda. Hér á eftir er í stuttu máli fjallað um það sem fram kemur í þessum leiðbeiningum og bent á þá alþjóðlegu endurskoðunarstaðla (ISA) sem vísað er til en ekki einstakar greinar í stöðlunum.

Eitt af því fyrsta sem við gerum við skipulagningu endurskoðunar er áhættumat og við hljótum því að íhuga hvort núverandi markaðsaðstæður gætu valdið verulegum skekkjum á reikningsskilum og bregðast við í samræmi við það.

Vakin er athygli á því sem fram kemur í ISA 220 (Quality Control for Audits of Historical Information) þar sem áhersla er lögð á að tryggja að nægileg þekking sé innan endurskoðunarteymisins sérstaklega ef endurskoðunin beinist að mati á gangvirkum fjármálagerðum. Í slíkum tilvikum getur verið nauðsynlegt að leita ráðlegginga og hafa samráð við aðra sérfræðinga eins og farið er fram á í grein 30 í þessum staðli.

Ein afleiðing lánsfjákræppunnar er takmarkaður aðgangur fyrirtækja að fjármagni sem í

einhverjum tilfellum gætu haft áhrif á rekstrarhæfi þeirra. Lánastofnanir eru ófúsari að taka áhættu og krafist er aukinna trygginga og hærrí vaxta þegar kemur að endurnýjun eða framlengingu lána.

Við þessar aðstæður þarf endurskoðandi að hafa í huga leiðbeiningar í ISA 570 (Going concern) þar sem sérstaklega er fjallað um aðgerðir endurskoðanda þegar vafi leikur á um rekstrarhæfi vegna þess að fyrirtæki hefur ekki greiddan aðgang að fjármagni.

Eins og við vitum er rekstrarhæfi mikilvæg forsenda reikningsskila. Þess vegna er lögð rík áhersla á að endurskoðandi hugi sérstaklega að því við breyttar aðstæður á fjármálamörkuðum hvort og þá hvers vegna vafi geti leikið á um rekstrarhæfi.

Önnur afleiðing þrenginga á fjármálamarkaði getur verið virðisrýrnun fjármuna sérstaklega þeirra sem ber að setja fram á gangvirkni. Erfitt getur verið að leggja mat á gangvirkni fjármuna þegar viðskipti eru fá og jafnvel engin á viðkomandi markaði.

Við þær aðstæður kunna fjármunir sem hafa verið metnir á gangvirkni (marked to market) að vera metnir með því að nota reiknilíkan eða aðrar matsaðferðir (valuation technique) sbr IAS 39.

Vakin er athygli á leiðbeiningum í ISA 545 (Auditing Fair Value Measurements and Disclosures) sem fjallar sérstaklega um endurskoðun matskenndra liða og framsetningu þeirra í skýringum samkvæmt reikningsskilareglum. Jafnframt er vísað til ISA 620 (Using the Work of an Expert) ef stuðst er við álit sérfræðinga.

Einnig má vísa til International Auditing Practice Statements of Banks IAPS 1006 þar sem sérstaklega er fjallað um endurskoðun á matsaðferðum við mat fjármálagerðinga.

Í þessum leiðbeiningum APB er vakin athygli á því að stjórn ber að veita upplýsingar um áhættu og óvissu í starfseminni í skýrslu stjórnar og bent á lagaákvæði sem gera ráð fyrir að endurskoðendur gangi úr skugga um að slíkar upplýsingar komi fram í skýrslu stjórnar. Vísað er til ISA 720 sem sérstaklega veitir leiðbeiningar um athugun á upplýsingum eins og skýrslu stjórnar sem fylgja ársreikningi. Þetta samrýmist því sem fram kemur í VI. kafla íslenskra laga

nr. 3/2006 um ársreikninga og er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðlinn IFRS 7 (Financial instruments: Disclosures).

APB bendir einnig á að samkvæmt staðli ISA 701 (Modifications to the Independent Auditors Report) ber endurskoðanda að vekja athygli á því í skýringarmálgrein eða fylgja leiðbeiningum í ISA 570 (Going concern) að öðru leyti ef reikningsskilin bera með sér að óvissa sé um rekstrarhæfi. Jafnframt er vakin er athygli á því sem fram kemur í 7. gr. í ISA 701 þar sem bent er á að endurskoðandi skuli athuga hvort rétt sé að setja skýringarmálgrein í áritun ef um sé að ræða annars konar óvissu en varðar rekstrarhæfi.

Við þær aðstæður sem nú ríkja á fjármálamörkuðum er nefnt sem dæmi að um geti verið að ræða verulega óvissu um fjármögnun eða verulega óvissu um mat fjármálagerna. Með óvissu í þessu sambandi er átt við atvik sem stjórn fyrirtækisins getur ekki haft áhrif á en varða reikningsskilin.

Áhrif árferðis á endurskoðun

Vandamál endurskoðenda við þær aðstæður sem skapast þegar árar eins og nú á fjármálamörkuðum og við samdrátt í efnahagslífinu er ekki skortur á leiðbeiningum um endurskoðun. Í ábendingum sínum vísar breska endurskoðunarráðið til gildandi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla en ræðir ekki um þörfina á nýjum leiðbeiningum, nýjum stöðlum.

Vissulega hafa orðið breytingar í umhverfinu en þær hafa verið margar og fleiri en leiða af þrengingum á fjármálamarkaði og samdrætti í efnahagslífinu. Endurskoðunarstaðlar og reikningsskilastaðlar hafa tekið breytingum til þess að mæta nýjum kröfum.

Hér í upphafi ræddi ég um þessa vel þekktu skiptingu ábyrgðar milli stjórnar og endurskoðanda á endurskoðuðum reikningsskilum. Sameiginlegt markmið um áreiðanleg reikningsskil er það sem við göngum út frá. En hvað gerist þegar aðstæður breytast?

Stjórn þarf að standa undir miklum væntingum og er undir miklum þrýstingi að sýna sem besta afkomu og stöðu – ekki síst þegar þrengir að. Ýmsir hagsmunaaðilar vilja miklu fremur sjá skammtíma hagsmunum sínum borgið en hags-

munum heildarinnar til lengri tíma. Afkoma og eiginfjárstaða geta sett lánasamninga í upp-nám. Markaðsvirði hlutabréfa getur fallið, tiltrú lánveitenda getur fallið og fjármagnskostnaður hækkar.

Tilhneiging þeirra sem geta haft áhrif á reikningsskil við slíkar aðstæður er að leita logandi ljósi að leiðum til þess að sveigja reikningsskilin að skammtíma hagsmunum og leitast við að túlka álitamál sér í hag. Ekkert kann í sjálfu sér að vera athugavert við það svo lengi sem kröfunni um glögga mynd er ekki vikið til hliðar.

Hins vegar bjóða þessar aðstæður upp á ágreining milli endurskoðanda og stjórnar um framsetningu reikningsskila þar sem hagsmunir þeirra sem setja fram reikningsskilin stangast á við þá glöggu mynd sem endurskoðendum er ætlað að standa vörð um.

Kringumstæður geta með öðrum orðum skapast þar sem reynir á faglegt sjálfstæði endurskoðandans.

Í áhugaverðri grein eftir Howard og Joanne Rockness sem birtist í Journal of Business Ethics¹ er fjallað um ýmis áföll á bandarískum fjármálamörkuðum á síðustu öld allt fram til þess að Sarbanes-Oxley lögin voru sett á árinu 2002. Greinin birtist á árinu 2005 og fjallar um það hvort árangurs megi vænta af setningu laga til þess að tryggja kröfur um siðferði á fjármálamarkaði (Legislated Ethics) og þar með glögga mynd við framsetningu fjárhagsupplýsinga til aðila á markaði. Kjarninn í þeim vandamálum sem rakin eru í greininni eru ekki einungis að reikningsskilareglur hefðu verið óljósar eins og var í einhverjum tilvikum svo stjórnendur gátu sveigt þær sér í hag heldur hitt að ef reglurnar voru skýrar var blekkingum beitt til þess að ná fram tiltekinni niðurstöðu í reikningsskilunum. Viðskiptahagsmunir réðu í einhverjum tilvikum afstöðu endurskoðenda sem slógu af faglegum kröfum til að viðhalda viðskiptasambandi sínu. Vandamálið var sem sagt ekki skortur á leiðbeinandi reglum heldur hugarfar stjórnenda og endurskoðenda.

Úr þessum jarðvegi er sprottin krafan um stjórnarhætti fyrirtækja sem krefst heiðarleika og gagnsæi við framsetningu upplýsinga á fjármálamarkaði.

Auðvitað hefur árferði á fjármálamörkuðum

og samdráttur í efnahagslífinu áhrif á endurskoðun. Vissulega þurfa endurskoðendur að taka tillit til þess umhverfis, sem fyrirtæki sem þeir endurskoða, starfa í en það þýðir ekki að þörf sé á nýjum leiðbeinandi reglum heldur ef til vill breyttar áherslur.

Það sem við þurfum að hafa í huga umfram annað við þær aðstæður sem hér eru til umfjöllunar er ekki eingöngu áhrif árferðis á fjármálamörkuðum og samdráttar í efnahagslífinu á endurskoðun heldur og ekki síður áhrif slíkra aðstæðna á endurskoðendum. Sagan virðist segja að við aðstæður sem þessar reyni með sérstökum hætti á faglegt sjálfstæði endurskoðandans þegar ágreiningur kann að skapast um hvernig reikningsskil skal setja fram til þess að þau sýni notanda þeirra þá glöggu mynd sem að er stefnt. Þekking og faglegt sjálfstæði endurskoðandans er ávallt lykilatriði í störfum hans hvað sem líður árferði á fjármálamörkuðum og samdrætti í efnahagslífinu.

¹Rockness and Rockness, Journal of Business Ethics 57:31-54, 2005

An accountant is someone who knows the cost of everything and the value of nothing



The accountant's prayer:

Lord, help me be more relaxed about insignificant details, starting tomorrow at 10.53:16 am, Eastern Daylight Saving Time



Money doesn't bring you happiness, but it enables you to look for it in more places.



Accountants aren't boring people, we just get excited over boring things.



Margret G.
Flóvenz
formaður FLE

Af stjórnarborði

Starfið framundan

Margháttað verkefni liggja fyrir stjórn félagsins á nýju starfsári. Ákveðið hefur verið að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf en Gunnar Sigurðsson, sem verið hefur faglegur framkvæmdastjóri félagsins síðustu ár, hyggst láta af störfum nú í byrjun árs. Er það von stjórnarinnar að með þessari aukningu verði verkefnum að hluta létt af stjórn félagsins og að auka megi faglegt starf félagsins ekki síst hvað varðar endurmenntun.

Að venju gera fastanefndir félagsins verkefna-áætlanir sýnar í upphafi nýs starfsárs. Allar nefndir munu hafa það að leiðarljósi að veita skal félagsmönnum þá þjónustu sem þeir þurfa og vilja.

Helstu verkefni menntunarnefndar eru tengd endurmenntunarmálum svo sem við að skilgreina hvað teljist endurmenntun og hvað sé staðfestanleg endurmenntun í samræmi við alþjóðlega menntunaraðla, skipuleggja skráningu endurmenntunareininga í ljósi breyttra laga og síðast

en ekki síst að beita sér fyrir nægu framboði endurmenntunar fyrir félagsmenn. Skipulag haust-ráðstefnu félagsins er í höndum menntunarnefndar en sem fyrr er gert ráð fyrir að skipulag annarra ráðstefna og hluti af námskeiðum félagsins verði í höndum viðkomandi fagnefnda.

Endurskoðunarnefnd, reikningskilanefnd og skattanefnd munu sem fyrr standa fyrir faglegum ráðstefnum og námskeiðum auk þess að fylgjast með og taka þátt í þróun á þeim sviðum sem þær fjalla um og miðla upplýsingum til félagsmanna.

Gæðanefnd mun að venju annast gæðaeftirlit með störfum félagsmanna, en skoðun gæðaeftirlitsmanna á endurskoðunarverkefnum vegna ársins 2007 stendur nú yfir. Þegar ný lög taka gildi um áramótin flyt ábyrgðin á gæðaeftirliti yfir til endurskoðendaráðs og þarf þá að móta samstarf við ráðið en félaginu er ætlað að annast gæðaeftirlitið áfram en endurskoðendaráð ber ábyrgð á eftirlitinu, setur reglur um það og samþykkir gæðaeftirlitsmenn.

Á aðalfundinum nú í nóvember var nafni ritnefndar breytt í kynningarnefnd og eru henni nú ætluð víðtækari verkefni en áður. Nefndin mun auk útgáfu FLE-frétta móta upplýsingastreymi til félagsmanna og standa fyrir kynningu á störfum félagsmanna.

Með margumræddum lögum er öllum endurskoðendum með gild réttindi skylt að vera félagsmenn í FLE. Þessi breyting þarf ekki ein og sér að þýða breytingu á félagsaðild en þó taldi stjórn félagsins nauðsynlegt að hyggja að því hvort skipta þyrfti félaginu í tvær deildir þ.e. þá deild sem sinnir þeim verkefnum sem tilheyra skylduaðildinni og svo aðra sem allir þeir sem hlotið hafa réttindi með endurskoðendum geta átt aðild að, óháð því hvort þeir hafa lagt inn réttindi sín eða ekki. Eftir nánari skoðun á þeim verkefnum sem félagið sinnir og að fengnum upplýsingum frá Lögmannafélaginu, þar sem einnig er skylduaðild, var það niðurstaða stjórnarinnar að ekki væri ástæða til að deildaskipta félaginu. Stjórn félagsins telur mikilvægt að fé-

Starfsemi félagsins á árinu sem nú var að renna sitt skeið markaðist af nýjum lögum um endurskoðendur sem samþykkt voru á vörþingi og taka gildi í upphafi nýs árs. Áhrif laganna á starfsumhverfi endurskoðenda og Félag lög-giltra endurskoðenda eru margvísleg og hefur verið fjallað ítrekað um þau á fundum og ráðstefnum félagsins. Sú umræða leiddi til ýmissa breytinga á samþykktum félagsins sem samþykktar voru á aðalfundi nú í nóvember.

Litlar breytingar urðu á stjórn félagsins á aðalfundi. Formaður, varaformaður og tveir meðstjórnendur sitja áfram í nýrri stjórn en Sveinbjörn Sveinbjörnsson tók sæti í stað Maríu Sólbergssóttur sem verið hefur í stjórninni síðustu tvö ár.

Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. janúar 2009 kl. 12
- Námskeið, Grand Hótel, fimmtudagur 15. janúar 2009
- Skattadagur FLE, Grand Hótel föstudagur 16. janúar 2009
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 4. febrúar 2009 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 4. mars 2009 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 1. apríl 2009 kl. 12
- Námskeið, Grand Hótel, fimmtudagur 16. apríl 2009
- Endurskoðunardagur FLE, Grand Hótel föstudagur 17. apríl 2009
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 6. maí 2009 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 3. júní 2009 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 2. september 2009 kl. 12
- Námskeið, Grand Hótel fimmtudagur 17. september 2009
- Reikningskiladagur FLE, Grand Hótel föstudagur 18. september 2009.
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 7. október 2009 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 4. nóvember 2009 kl. 12
- Námskeið, Akureyri, fimmtudagur 12. nóvember 2009
- Haustráðstefna FLE, Akureyri, föstudagur 13. og laugardagur 14. nóvember 2009
- Aðalfundur FLE, Akureyri, laugardagur 14. nóvember 2009
- Árshátið FLE, Hótel KEA, Akureyri, laugardagur 14. nóvember 2009
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 2. desember 2009 kl. 12

lagið verði hér eftir sem hingað til sameiginlegur vettvangur allra félagsmanna.

Á starfsárinu mun stjórn félagsins fjalla um Námsstyrkjasjóð og framtíð hans en eins og félagsmönnum hefur verið kynnt hafa engar útlutanir farið fram úr sjóðnum frá stofnun hans og því talið rétt að huga að því á hvern hátt hann getur betur nýst félagsmönnum og faginu til framdráttar.

Enduskoðendaráð hefur ekki verið skipað en samkvæmt nýju lögum á fjármálaráðherra að skipa í það fimm menn. Stjórn félagsins mun beita sér fyrir því að ráðið verði skipað hið fyrsta.

Erlent samstarf

Aðild FLE að Norræna endurskoðendasambandinu (NRF) er félaginu mikilvæg. Á vegum þess er miðlað upplýsingum, staðið sameiginlega að framboði til nefnda og stjórnna á alþjóðavettvangi auk þess sem sambandið hefur unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum þar sem norrænir hagsmunir eru taldir fara saman. Kostnaði við verkefni NRF er skipt á milli aðildarfélaganna í hlutfalli við félagafjölda þannig að öll löndin eiga fjárhagslega jafna möguleika á því að taka þátt og þar með að eiga fulltrúa í hinum alþjóðlegu nefndum og stjórnnum. FLE greiðir 3% af kostnaði NRF. Nú er unnið að því að endurskoða starfsemi sambandsins með það að leiðarljósi að virkja það enn frekar til hagsbóta fyrir aðildarfélögin m.a. með því að auka samstarf fagnefnda félaganna og tryggja að upplýsingar sem NRF miðlar nýtist sem best.

Staða endurskoðenda

Í ljósi þess efnahagsfárviðris sem nú geisar hefur stétt endurskoðenda ekki farið varhluta af þeirri umræðu sem verið hefur um ábyrgð á ástandinu. Í þeirri umræðu hefur oft gætt mikils miskilnings um hlutverk og ábyrgð endurskoðenda. Af umræðunni má ráða að endurskoðendur séu beinir þátttakendur í stjórnun og ákvarðanatöku hjá þeim fyrirtækjum sem þeir endurskoða. Þá er óhæðið sem starfsgrundvöllur okkar byggir á að sama skapi oft misskilið. Stjórn félagsins hefur í hyggju að koma á framfæri upplýsingum um endurskoðendur, hlutverk þeirra, verkefni, ábyrgð og óhæði. Starf endurskoðenda er nú mikilvægara en nokkru sinni.

Gleggri á tölur en rjúpur

„Ég verð víst að gangast við því,“ segir Sveinn Arason, sem tók við starfi ríkisendurskoðanda á liðnu sumri, þegar hann er spurður hvort hann hafi alið allan sinn starfsaldur hjá stofnuninni. Hann brosir. En hvað er svo sem athugasvert við það? Er nokkur ástæða til að söðla um líki mönnum vel í vinnu og séu sífellt að fá ný og krefjandi verkefni í hendur? Þar að auki viðurkennir Sveinn að umbun felist í því að vinna sig jafnt og þétt upp á vinnustað líkt og hann hefur gert undanfarinn hálfan fjórða áratug. Og í þessu fagi verður ábyrgðin varla meiri.

Sveinn er fæddur og uppallinn á Húsavík og var á menntaskólaárunum innanbúðarmaður hjá Óla frænda sínum Kristinssyni í versluninni Klemmu sem seldi allt milli himins og jarðar, eins og Sveinn man það. „Óli opnaði síðar matvöruhúsið og þarna komst ég fyrst í tæri við business, eins og það heitir í dag.“

Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1968 og þaðan lá leiðin í viðskiptafræðinám við Háskóla Íslands. Með náminu vann Sveinn hjá Ríkisbókhaldu og kundi því ágætlega. „Þar voru tölurnar,“ segir hann dreyminn á svip og gefur til kynna að hann hafi snemma fundið sína hillu í lífinu. „Tölur hafa verið mínar ær og kúr allar götur síðan.“

Sumarið eftir að Sveinn lauk háskólanámi vann hann hjá Ríkisbókhaldu en færði sig yfir til Ríkisendurskoðunar um haustið. Spurður að því hvort hann eða stofnunin hafi haft frumkvæði af þeim flutningi svarar hann: „Þeir vissu af mér þarna uppfrá.“

Sveinn setti stefnuna þegar á löggildinguna og segir það hafa verið ákveðin þægindi að búa sig undir hana í örygginu hjá Ríkisendurskoðun heldur en í harkinu á einhverri stofnunni úti í bæ. „Maður þurfti að eiga fyrir salti í grautinn.“

Skirteinið gefið út 1. apríl

Hann varð löggiltur endurskoðandi árið 1976. „Skirteinið var gefið út 1. apríl, þannig ég er ekkert að flagga því að óþörfu. Það gæti misskilist,“ segir hann kíminn. Um þær mundir vann Sveinn hálfstarf í hálfan vetur hjá endurskoðunarstofnunni N. Mancher & Co. Aðspurður hvort



Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

hann hafi líka unnið með hálfum huga hristir hann höfuðið hlægjandi. „Nei, það gerði ég nú ekki en það var dýrmætt að öðlast svolitla stofureynslu. Ég kynntist líka ágætu fólki þarna.“

Sveinn unni hag sínum vel hjá Ríkisendurskoðun og sneri sér eftir reynsluna hjá Mancher alfræðingum að störfum sínum þar. „Ég hef unnið mig hægt og bitandi upp héra, verið fulltrúi, deildarstjóri, skrifstofustjóri og nú í því starfi sem ég gegni í dag. Þetta hefur verið ágæt sigling.“

Fyrsta áratuginn eða svo sem Sveinn starfaði sem löggiltur endurskoðandi segir hann Ríkisendurskoðun aðallega hafa fengist við „gamaldags fjárhagsendurskoðun“ en á þeim tíma heyrði hún undir fjármálaráðherra. „Hlutverk okkar var að fara yfir bókhald og fylgiskjöl stofnana og fyrirtækja. Að því búnu gáfum við út kvittun og gerðum athugasemdir ef tilefni var til. Í kjölfarið var viðkomandi stofnun látin svara athugasemdum. Ef við töldum að menn hefðu ráðstafað fjármunum með óviðeigandi hætti kom fyrir að þeim var gert að endurgreiða þá. Það var þó sjaldgæft. Algangara var að menn fengju áminningar og þeim sagt að gera þetta ekki aftur.“

Árið 1987 varð gjörbreyting á höfum Ríkisendurskoðunar þegar hún var gerð að sjálfstæðri stofnun á vegum Alþingis sem skyldi vera óháð handhöfum framkvæmdavaldsins. „Við þetta opnaðist stofnunin mikið,“ útskýrir Sveinn. „Nú erum við mikið í sambandi við þingið en það var nánast ekkert áður. Stærsta breytingin er þó líklega að til varð svokölluð stjórnsluendurskoðun. Þeirri vinnu lýkur alltaf með skýrslu- eða álitserið sem gerð er opinber. Þær skýrslur vekja oft mikið umtal og athygli í þjóðfélaginu, eins og dæmin sanna.“



Sveinn segir stofnunina hafa byrjað smátt á þessu sviði en með árunum hafi þessi þáttur í starfsemi hennar undið jafnt og þétt upp á sig. Nú starfa tíu manns við stjórnsluendurskoðun hjá Ríkisendurskoðun en til samanburðar má geta þess að tuttugu manns starfa við fjárhagsendurskoðun. Önnur helstu svið stofnunarinnar eru endurskoðun upplýsingakerfa, einkum tölvakerfa, innri endurskoðun og innri eftirlitsúttektir og lögfræðisvið sem annast allt sem viðkemur lagaskýringum og lagatúlkunum og samningu álitserða. Að auki er það með sjóðæftirlitið og eftirlit með fjárhagsupplýsingum stjórnmalasamtaka og birtingu þeirra. Alls starfa um fimmtíu manns hjá stofnuninni.

Mikil útvistun verkefna

Sveinn staðfestir að útvistun verkefna sé heilmikil hjá Ríkisendurskoðun, einkum úti á landi, enda er séð fyrir því í lögum. „Eftir því sem stærri endurskoðunarstofnarnar hafa opnað fleiri útibú úti á landi höfum við í auknum mæli falið þeim að endurskoða í okkar umboði þær stofnanir og fyrirtæki sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins í þeirra heimabyggð eða nálægum byggðum. Þetta hefur tekist ágætlega og stofnarnar sóst eftir fleiri verkefnum. Það kemur vel til álita að búa þannig um hnúta. Það getur haft hagræðingu í för með sér, einkum þegar allt bókhald er á staðnum.“

Sveinn segir Ríkisendurskoðun lengi haft áhuga á því að rótera verkefnum frá stofnuninni til stofnanna og jafnvel milli stofna. „Þetta getur samt verið flókið því stofnarnar vilja helst ekki missa neitt nema fá eitthvað sambærilegt í staðinn. Annars hef ég litið svo á að allt sé opið í þessum efnum.“

Eins og alþjóð veit eru viðskiptabankarnir nú að nýju á ábyrgð ríkisins og segir Sveinn að þeim verkefnum verði útvistað. „Hvað það varðar höfum við sett í gang hraðútboð þar sem endurskoðunarstofnunum er gefið tækifæri til að bjóða í þau verkefni sem eru eins og gefur að skilja stór í sniðum.“

Þar til alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa verið teknir upp í íslenskan rétt skal endurskoðun frá og með næstu áramótum fara eftir góðri endurskoðunarvenju. Með góðri endurskoðunarvenju er átt við að endurskoðað sé með

viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) útgefnar af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að. Sveinn segir þau mál í góðu horfi hjá Ríkisendurskoðun. „Við erum hluti af alþjóðasamtökum ríkisendurskoðenda, INTOSAI, og á þeim vettvangi gilda ýmsir staðlar og reglur sem við höfum reynt að fylgja. Að svo miklu leyti sem það á við hér. Við erum með þrýðilegan nýjan hugbúnað, TeamMate, sem hjálpar okkur við þessa aðlögun og erum að vinna okkur til hags í þeim efnum. En það er heilmikið starf eftir.“

Sveinn segir þetta ferli eigi að síður flóknara fyrir Ríkisendurskoðun en stóru stofnarnar því þær hafi lengi haft aðgang að gögnum og aðferðum hjá systurstofum sínum erlendis og fyrir vikið innleitt þessa staðla, í það minnsta að hluta, áður en það var lögskipað.

Það verður aldrei stökkbreyting

Spurður um framtíðarsýn sína fyrir hönd Ríkisendurskoðunar tekur Sveinn fyrst fram að stofnunin sé bundin af lögum og henni markaður rammi sem hún eigi að starfa eftir. „Það verður aldrei stökkbreyting á þessari starfsemi. Við erum háð okkar fjárveitingu og ég sé ekki fram á ný stöðugildi á næstunni eins og árar í samfélaginu,“ segir hann og brosir í kampinn.

„Eins og gefur að skilja er fjárhagsendurskoðun burðarvirkið hjá okkur og verður alltaf,“ heldur Sveinn áfram. „Því er hins vegar ekki að leynd að hlutur stjórnsluendurskoðunar á bara eftir að aukast enda skilar hún á margan hátt betri árangri en hitt sviðið, þar sem ekki er eðli málsins samkvæmt hægt að vænta meiri árangurs en náðst hefur nú þegar. Stjórnsluendurskoðunin fer öll fram fyrir opnum tjöldum og skýrslur okkar eru til umræðu niðri á Alþingi og í þjóðfélaginu öllu. Við birtum líka eftirfylgniskýrslur og þær eru til vitnis um að okkur hefur gengið vel að ná fram þeim hlutum sem við höfum verið að leggja til í frumskýrslum okkar.“

Svolitill hrakfallabálkur

Sveinn ver löngum stundum á Skúlagötu 57 en lífið hlýtur að vera meira en vinna. „Ég myndi nú ekki vera svo viss um það,“ byrjar hann spökur. „Ég geri oft það sama heima og í vinnunni,

fer yfir skjalabunka. Stundum endist ekki dagurinn til að ljúka verkefnum, sérstaklega þegar skýrslur eru á lokastigi. En það eru ekki allir dagar þannig og frítíma mínum gegnum tíðina hef ég helst kosið að verja með fjölskyldu minni. Eiginkona mín er Jóna Möller aðstoðarskólástjóri og eigum við tvær dætur sem báðar eru læknar búsettar í Svíþjóð. Sú eldri, Helena, er sérfræðingur í brjóstaskurðlækningum í Lundi og sú yngri, Kristbjörg, er við nám í barnalækningum í Malmö. Helena á einn son, sem heitir Sveinn Halldór Guðmundsson og er ellefu ára.“

Sveinn á sjö systkini og svo skemmtilega vill til að tvö þeirra vinna við endurskoðun, Halldór sem er löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte hf. og er þar með fulltrúi fjölskyldunnar á markaðnum og Nanna sem nú er innri endurskoðandi hjá Straumi-Burðarás en var áður lengi yfir stjórnsluendurskoðuninni hjá Ríkisendurskoðun. Spurður hvort endurskoðun beri stundum á góma í fjölskylduböðum brosir Sveinn: „Það kemur fyrir.“

Þegar talið berst að áhugamálum nefnir Sveinn fyrst tennis en dregið hefur úr þeirri frámu iðkun í seinni tíð. „Nú er ég kominn yfir í golfið. Það eru svo snöggar hreyfingar í tennisnum að golfið hentar mér betur í dag. Við hjónin göngum líka svolitíð og erum í gönguklúbb sem fer alltaf í eina stóra ferð hér innanlands á ári. Ganga er frábær leið til að kynnast þessu fallega landi okkar betur.“

Önnur leið til að kynnast gömlu góðu Ísafold er rjúpnaveiði og Sveinn upplýsir að hann „sýsli“ stundum við að veiða. „Ég nota það orðalag vegna þess að ég er ekkert sérstaklega góð skytta. Hef stundum fengið verðlaun fyrir að veiða fæstar rjúpur, jafnvel enga. Það er helst að rjúpunar drepist við það að sjá mig.“

Úr skelfingu þá? „Já, eða hlátri þegar þær sjá aðfarirnar.“

Þegar hér er komið sögu bitur Sveinn í vörina eins og hann vilji segja meira en sé ekki viss. „Jæja, ég læt bara vaða,“ segir hann eftir stutta umhugsun. „Þannig er mál með vexti að ég get verið svolítill hrakfallabálkur. Sé eitthvað tvísýnt þá fer það mér yfirleitt á verri veg. Sennilega hafa dætur mínar haft það í huga þegar þær dubbuðu mig á fimmtugsafmælinu upp í hokkibúning með hjálmi og öllu tilheyrandi svo ég gæti ekki meitt mig.“

Og hvernig fór? „Búningurinn gerði sitt gagn.“

SME ráðstefna í Kaupmannahöfn

Í byrjun september var haldin ráðstefna í Kaupmannahöfn um SME¹/SMP² á vegum FEE³, NRF⁴ og SR⁵. Árlega er haldin ráðstefna á vegum þessara aðila um hin ýmsu málefni sem áhugaverð eru fyrir þá sem starfa við endurskoðun. Meginþema ráðstefnunnar var lítil og meðal stór fyrirtæki og endurskoðunarskrifstofur. Athyglivert var að sjá að mjög margir aðilar voru frá alþjóðlegu endurskoðunarstofunum. Kom það fram í kynningum þeirra að mjög margar skrifstofur eru út á landsbyggðinni sem tilheyra alþjóðlegu skrifstofunum en þar starfa 10 til 20 manns. Fyrirtækin sem þau þjóna og oft á tíðum endurskoða hafa jafnvel 5 manns starfandi eða færri.

Formið á ráðstefnunni var mjög áhugavert þar sem fyrst var haldin almenn kynning en síðan var ráðstefnugestum skipt upp í vinnuhópa þar sem farið var dýpra í einstök málefni. Með því móti var hægt að velja hóp sem hentaði áhugasviði hvers og eins.

Við stöllum ásamt Þórdísi Guðmundsdóttur hjá Skil sf., vorum einu íslensku ráðstefnugestirnir sem tilheyra endurskoðunarstofum sem ekki flokkast undir alþjóðlega endurskoðunarskrifstofu. Teljum við það mikilvægt að minni stofurnar sæki slíkar ráðstefnur til þess að mynda tengsl við starfsfélaga erlendis og gera sér grein fyrir að okkar vandamál eru ekki svo ólík þeirra vandamálum. Má segja að félagslegi hluti ráðstefnunnar hafi ekki síður verið mikilvægur, þ.e. ef einstaklingurinn er duglegur að setjast til borðs og/eða mynda tengsl við aðila sem ekki tilheyrir beint hans þægindahring.

Málefni ráðstefnunnar voru eftirfarandi

Áskorun hnattvæðingar fyrir SME. Hér var umræðan meðal annars um hvaða hlutverk endurskoðandinn getur leikið til þess að styðja við vöxt og þróun á litlum fyrirtækjum sem fara í útrás og hverjar eru þarfir þeirra varðandi skýrslugjafir. Það kom fram að endurskoðendur eiga að hlusta og taka eftir því hverjar eru þarfir viðskiptavinarins, fyrirtæki vilja traust. Lítil endur-



Sigríður Ármannsdóttir endurskoðandi og Þorbjörg Kolbeinsdóttir APaL ehf, endurskoðun og ráðgjöf



skoðunarfyrirtæki eiga að mynda gott tengslanet og viðhalda því.

IFRS⁶ fyrir SME. Hér var rætt um þá vinnu sem hefur verið lagt í varðandi einföldun á stöðlum fyrir SME því að mörgum finnst IFRS of viðamikilið regluverk fyrir lítil félög. Þegar hér var komið áttum við í vandræðum með að skilja Françoise Flores (stjórnarformaður EFRAG⁷), hann talaði ensku en með miklum frönskum hreim svo efnið komst ekki alveg til skila. En umræðan var um þörfina á einfaldari reikningsskilareglum fyrir lítil félög. Það kom fram að meðal þeirra reglna sem mætti einfalda fyrir minni félög væru: tekjuskattsskuldbinding, afskrift á viðskiptavild í stað virðisrýrnunarprófs, sleppa jafnvel kröfum um gerð samstæðu eða draga úr þeim, gagnsæi fyrir raunvirði og gefa út viðmið varðandi þau.

Fjárfesting og fjármögnun félaga. Ræðumenn voru m.a., Ph.d Geir A. Gunnlaugsson stjórnarformaður í Promens hf. og Halldór J. Kristjánsson þáverandi bankastjóri í Landsbanka Íslands. Undir þessum lið var fjallað um reynslu félaga af fjárfestingum erlendis í minni félögum, reynslu af endurskipulagningu, fjármögnun og hvernig tekist er á við alþjóðlegt regluverk og frávik þess frá staðbundnum lögum hvað reikningsskil varð-

ar. Síðan var fjallað um aðstoð við áreiðanleikannanir, mat og samningagerð við fjárfestingar og sú spurning var lögð fram hvert er hlutverk endurskoðandans í þessu sambandi og hverjar eru væntingar minni félaga til endurskoðandans.

Að þessu loknu var skipt upp í vinnuhópa og þá gátu ráðstefnugestir valið einn af fjórum.

Önnur okkar valdi, **Áhrifaríka endurskoðun á SME.** Ræðumenn hér lögðu fram eftirfarandi spurningarnar; er það skilvirkt til endurskoðunar að taka upp ISA? Ætti nálgun endurskoðunar að vera breytileg eftir því hver stærð og einkenni fyrirtækisins eru? Er þörf fyrir önnur stuðningstæki og hvernig ættu þau að vera? Einnig var rætt um reynslu þeirra sem hafa notað IFAC⁸ leiðbeiningar til þess að nota ISA⁹ við endurskoðun á minni félögum og að lokum hverjar eru væntingar og kröfur endurskoðenda til skilvirkari endurskoðunar á minni félögum. Menn voru ekki sammála um hvort endurskoða ætti minni félög í samræmi við ISA eða ekki. Ef það ætti að breyta einhverju þá yrði að byggja á áhættumati við endurskoðun á SME og ná meginþemanu úr endurskoðunarstöðlunum. Það er mikilvægt að til séu tæki til að einfalda verkflæðið, þau þurfa að vera einföld í notkun og sveigjanleg. Það ætti ekki að taka



meira en 20 til 40 tíma að endurskoða lítil félög. Sú umræða kom fram að lítil félög hafa þörf fyrir endurskoðandann til annars en endurskoðunar. Þá hafa sumir áhyggjur af því að brjóta reglur um óhæði en aðrir telja það nauðsynlegt að geta veitt þessum félögum aðra þjónustu en endurskoðun þar sem félögin séu það lítil að stjórnendur þurfi á stuðning að halda.

Hinn vinnuhópurinn sem varð fyrir valinu fyrri daginn var **Kynning á XBRL**¹⁰ XBRL er alþjóðlegt tungumál fyrir rafræn viðskipti, fjárhagsleg gögn, skýrslu-, framtalsgerð ofl. XBRL samtökin, sem rekin eru sem „non profit“ samtök voru stofnuð 1998. Um 550 fyrirtæki um allan heim standa að þessum samtökum. Það kom fram að XBRL gefur möguleika á yfirburðum yfir aðrar aðferðir við undirbúning, greiningu, lokafrágang, samskipti og upplýsingagjafir um fjármál. Kerfið er talið draga úr villum við skýrslugerð og það getur unnið úr gögnum úr ólíkum kerfum. Flutningsmenn fullyrtu að í framtíðinni yrði það krafa t.d. banka, yfirvalda ofl. að skýrslugjafir til þeirra verði staðlaðar og þar kæmi XBRL að. Þessi vinnustofa hafði einkenni sölukynningar á kerfinu og var ekki mjög áhrifarík.

Um kvöldið var efnt til gala kvöldverðar í Statens Musem for Kunst (Danska þjóðar safnið). Kvöldið var í einu orði sagt frábært. Allir voru klæddir í sitt fínasta púss og voru fluttir með rútum á áfangastað, þegar komið var að byggingunni, sem byggð var á 16. öld tóku á móti okkur menn sem blésu í lúðra og skálað var í freyðivíni. Borðhaldið var undir glerbyggingu sem tengir tvær byggingar saman, borðin voru staðsett fyrir neðan tröppur sem nýttar voru sem svið um kvöldið, þar sem við fengum að hlýða á dýrindis söng og góðar ræður. Við stöllum settumst til borðs með fólki víðs vegar að; frá Hollandi, Bretlandi og Kanada. Við áttum áhugverðar samræður við þessa einstaklinga.

Á degi tvö urðu fyrir valinu vinnuhóparnir; **Gæði og endurskoðun á SME og Umræður um afnám lögskipaðrar endurskoðunar á minni fyrirtækjum og breytingar á endurskoðun þeirra með áherslu á Norðurlöndin.**

Spurt var á fyrri vinnustofunni um hvernig er hægt að tryggja gæði endurskoðunar á minni fyrirtækjum. Hér var lögð áhersla á að nýta kraft

unga fólksins til þess að framkvæma innra eftirlit, nýta sömu tólin, ekki vera hrædd við að spyrja spurninga við framkvæmd endurskoðunar.

Í þeirri seinni var ýmislegt rætt, m.a. um endurskoðunarþröskulda hjá Norðurlandþjóðunum og hugsanlegar breytingar. Í Danmörku er umræðan á þann veg að það þyrfti að hækka endurskoðunarmörkin fyrir minni félög, í Svíþjóð eru þau há, en ekki í Finnlandi. Í Noregi þarf að endurskoða öll félög og að auki kom fram að það væri óljóst hver reglan væri á Íslandi. Þeir möguleikar eru fyrir hendi, í stað þess að endurskoða öll félög eftir sömu reglum, er að gefa einhverskonar álit eða framkvæma væga endurskoðun. Það er verið að gefa út leiðbeiningar fyrir lítil félög m.a. vegna gæðaeftirlits. Mönnum þykir það leitt að endurskoðunar- og reikningsskilareglur séu byrðar á fyrirtæki, því sú umræða er í gangi að þær reglur sem gilda í dag eru allt of viðamiklar fyrir minni félög sem gera ekkert annað en að auka kostnað við gerð reikningsskila og endurskoðun. Svíar hafa náð að einfalda reglur sem hafa leitt til lækkunar á þessum kostnaði fyrir fyrirtæki þar í landi. Ef fyrirtæki eigi að fylgja ISA við endurskoðun þá aukist kostnaður þeirra við endurskoðun og reikningsskil um 20–30%. Evrópusambandið mælir með því að endurskoðunarmörkin hjá stöku fyrirtæki séu 8,8 millj. EUR í veltu, 4,4 millj. EUR í eignir og 50 stöðugildi en hjá samstæðu er miðað við veltu uppá 29,2 millj. EUR, 14,6 millj. EUR í eignir og 250 stöðugildi. Fram kom að í Svíþjóð væru 96% fyrirtækja sem ekki næðu þessum viðmiðunum, 69% í Noregi, 93% í Danmörku og 95% fyrirtækja í Finnlandi. Ef tekið væri mið af ofangreindum tölum þá myndi það leiða til þess að færri félög yrðu endurskoðuð. Afleiðingarnar yrðu m.a. þær að fyrirtæki myndu greiða lægri kostnað vegna reikningsskila og endurskoðunar, gæðin á þeim yrðu minni, jafnvel tapaðar skattaívilnanir, verri fjármögnunarmöguleikar og meiri líkur á svikum í fyrirtækjum. Sá möguleiki var lagður fram að fyrirtæki mættu velja ef þau falla ekki undir endurskoðunarmörkin og fengju þá væga endurskoðun (e. light audit). Í Bretlandi eru endurskoðendur þjálfaðir í að veita mjög fjölbreytta þjónustu, færri félög eru endurskoðuð en áður og er veruleg breyting frá árinu 2002. Umræðan var m.a. á þá vegu að það

mætti veita þjónustu sem væri einhvers staðar á milli endurskoðunar og engrar endurskoðunar. Að lokum tók til máls John Greely nokkur frá Írlandi, mjög snaggarlegur og hress. Hann rekur endurskoðunarskrifstofu með 3 partnerum og 20 starfsmönnum, stofan framleiðir 3 nýja endurskoðendur á ári að hans sögn. Hann sagði að eftir að dregið var úr kröfu um endurskoðun á Írlandi, hefði allra síst dregið úr vinnu hjá honum. En það virðist vera áhyggjuefni sumra endurskoðenda.

Í lok ráðstefnunnar tók Stig Enevoldsen formaður EFRAG til máls. Hann er á þeirri skoðun að það þurfi að gera uppgjörin þannig að þau verði að mestu sjálfvirk og þar kæmi inn ný tækni við gerð uppgjöra. Hann nefndi í því sambandi XBRL því þar er sá möguleiki að upplýsingagjöfin væri þannig að notandinn geti haft val um það hvernig upplýsingarnar birtast honum, þ.e. hann getur stjórnað því sjálfur með því að sækja þær á netinu. Hann lagði áherslu á það að endurskoðendur þyrftu að leiða þá aðila sem vinna við upplýsingatæknina. Síðan tók John Greely við, hann spurði ráðstefnugesti hvort þeir störfuðu faglega eða væru einungis að stunda viðskipti þegar þeir þjónuðu viðskiptavinum sínum. Hann sagði IFRS alltof flókið fyrir lítil félög og bætti við að IFAC væri flott rit, en gaf ekki mikið út á reglurnar um óhæðið. Hann mælir með því að minni endurskoðunarstofur haldi sambandi hver við aðra, þær verði að auki virði þjónustunnar og hafa hana breiða og setja viðskiptavininn í fyrsta sæti.

Að vonum vorum við stöllum mjög ánægðar með ráðstefnuna sem var vel skipulögð. Mörgum spurningum var varpað fram þessa tvo daga, en ekki öllum svarað. Efni ráðstefnunnar var almennt fræðandi og áhugavert. Við hvetjum þá aðila sem reka minni endurskoðunarskrifstofur til þess að sækja slíkar ráðstefnur.

¹ Small and Medium Entity.

² Small and Medium Practice.

³ Federation of European Accountants.

⁴ The Nordic Federation of Public Accountants.

⁵ Foreningen af Statsautoriserede Revisorer.

⁶ International Financial Reporting Standards.

⁷ European Financial Reporting Advisory Group.

⁸ International Federation of Accountants.

⁹ International Standards on Auditing.

¹⁰ eXtensible Business Reporting Language.

Aðkallandi að löggildingin sjálf fái viðhlítandi vægi

Það var hellidamba og dimmt yfir þennan nóvembermorgun sem við Margret Flóvenz settumst saman yfir kaffibolla til þess að ræða helstu breytingarnar sem orðið hafa á lögum um endurskoðendur á árinu. Áður en þá umræðu bar á góma langaði mig að forvitnast um ástæðu þess að hún gerðist endurskoðandi.

Endurskoðandi fyrir tilviljun

„Ég hef reyndar ekki hugmynd um það,“ svarar þessi fagaða, dökkhærða kona, líkt og það sé fyrst að renna upp fyrir henni á þessari stundu. Hún segist ekki hafa haft neinar slíkar fyrirmyndir í fjölskyldunni. „Þetta var alger tilviljun.“

Þegar ég spyr hana frekar út í áhugamál nefnir hún strax fjölskylduna og brosir hlýlega. Hún á 4 börn, eitt barnabarn og annað á leiðinni. Það er augljóst að hún er ekki sérlega gefin fyrir að beina umræðunni að sjálfri sér, en nefnir þó að hún hafi gaman af því að vinna í garðinum og hlusta á klassíska tónlist.

Það er hins vegar ekkert hik á Margreti þegar talið berst að málefnum Félags löggiltra endurskoðenda, en á árinu hafa orðið talsverðar breytingar í lagaumhverfi endurskoðenda meðal annars vegna samþykktar nýrra laga.

Meginviðbótin snýst um endurmenntunina

„Helstu breytingarnar eru þær að öllum endurskoðendum með réttindi er nú skylt að vera í félaginu,“ segir Margret og bætir því við að þetta breyti svo sem ekki miklu í reynd þar sem flestir séu inni hvort eð er. „Nýju lögin gera líka meiri kröfur til stéttarinnar varðandi aukna menntun og endurmenntun, auk þess sem krafa er um að endurskoðað sé í samræmi við alþjóðlega staðla og opinbert eftirlit aukði, sem grundvallast á tilskipun Evrópusambandsins. Meginviðbótin snýst um endurmenntunina.“

Eina stéttin sem er lögbundin til endurmenntunar

Margret getur þess að í framhaldi af þessum breytingum verði svo skipað endurskoðendaráð, eða *public oversight*, eins og það nefnist í tilskipuninni sem mun hafa eftirlit með störfum endurskoðenda. „Endurskoðendur eru sennilega eina stéttin sem er lögbundin til að endurmennta sig,“ segir Margret um leið og hún beinir athyglinni að þessum miklu kröfum sem eru gerðar til stéttarinnar. „Endurskoðendaráð ber ábyrgð á eftirlitinu með endurmenntuninni og stýrir gæðaeftirliti, auk þess að skipa prófnefnd vegna löggildingarprófa og fleira.“

Þótt ráðið hafi skilgreinda ábyrgð þá er jafnframt fjölmargt sem félagið þarf að standa skil á. „Okkur er ætlað að framkvæma gæðaeftirlitið og annast eftirlit með endurmenntun, tryggingum og fleiru. Við erum því á vissan hátt að hafa eftirlit með sjálfum okkur,“ segir Margret kímín. „Þetta er lítil stétt, ríflega 300 manns og greinin afar sérhæfð þannig að það er fámennur hópur sem getur annast gæðaeftirlit. Það er samt óháð – ráðið setur reglurnar – og ég held að þessu sé best fyrir komið svona.“ Margret bætir því við að þetta eftirlit hafi verið til staðar áður, en núna verði það alveg í samræmi við alþjóðlega staðla.

Skylt að hafa nægilegt framboð á endurmenntun

Þessum kröfum um lögbundna endurmenntun fylgir jafnframt sú skylda félagsins að sjá til þess að framboð á slíkri menntun sé nægjanlegt. „Endurskoðendum ber að endurmennta sig sem nemur 120 klukkustundum á hverjum 3 árum,“ bendir Margret á og getur þess að félagið sjái sjálft um mestan hluta endurmenntunarinnar með eigin námskeiðum og ráðstefnum. „Auk þess erum við í samstarfi við Símennt Háskól-



Margret G. Flóvenz formaður FLE ræðir félagsstarfið.

ans í Reykjavík, Endurmenntun Háskóla Íslands og fleiri aðila.“

Það er ljóst að Margret hefur mikla þekkingu og yfirsýn yfir málefni stéttarinnar og talið beinist að þeim áhrifum sem þessar breytingar í lagaumhverfi endurskoðenda kunna að hafa á félagið. Þegar hér er komið sögu færast Margret í aukana enda komið að málum sem brenna á henni.

Hópi þeirra sem leggja inn réttindi kann að fjölga

„Félagið samanstendur af mismunandi hópum sem hafa mismunandi þörf fyrir þjónustu.“ Margret nefnir í fyrsta lagi hóp þeirra sem vinna hjá stóru alþjóðlegu stofnunum en það eru um 40% félagsmana. Þessi hópur er að mestu leyti sjálfum sér nægur hvað endurmenntun snertir. Svo eru um 20% sem vinna á smærri stofnum þar sem stundum er jafnvel ekki nema einn endurskoðandi á staðnum. Þessi hópur hefur meiri þörf fyrir þjónustu tengda endurmenntun í gegnum félagið. Í þriðja lagi er hópur endur-



skoðenda, um 30%, sem hafa aflað sér réttinda en eru ekki praktíserandi, heldur vinna t.d. sem fjármálastjórar hjá fyrirtækjum. Sumir þeirra viðhalda réttindum sínum en aðrir leggja þau inn og í þeim hópi gæti fjölgað núna í kjölfar breytinganna, þar sem kröfurnar eru að aukast og það er orðið dýrara að viðhalda réttindunum. Að lokum eru það svo þeir sem eru komnir á aldur og hættir störfum.

Hjartans mál að félagið sé fyrir alla sem hlotið hafa löggildingu

„Félag löggiltra endurskoðenda vill leggja áherslu á að félagið sé fyrir alla þá sem hlotið hafa þessi réttindi, hvort sem menn hafa lagt þau inn eða ekki, það er okkur mikið hjartans mál“ segir Margret með augljósum þunga. „Í hópi þeirra sem ekki eru praktíserandi eru margir fróðustu menn landsins um reikningsskil og þeir skapa vettvang umræðu og þróunar í faginu. Grunnhlutverk okkar endurskoðenda er að skoða ársreikninga og staðfesta réttmæti þeirra en við erum líka mestu sérfræðingarnir í reikningsskilum. Enginn annar aðili í samfélaginu hefur gert reikningsskil að sinni sérgrein.“

Brýnt að löggildingin sjálf sé metin að verðleikum

Burtséð frá mikilvægi þess að sinna ákveðnum skyldum varðandi endurmenntun og tryggingar, þá eru mikil verðmæti fólgin í því að fá löggildingarpróf sem endurskoðandi. Það er meiri viðbót í því en öðrum sambærilegum réttindaprófum. „Sem dæmi þá fara t.d. tveir til þrjú mánuðir á hausti í undirbúning og svo þarf þetta þrjú til fjóra umganga í að ljúka prófinu. Fæstum tekst að ljúka því á einu bretti og algengast að það sé gert í þremur áföngum.“ Margret bætir því við að eins og sakir standa þá megi einungis þeir kalla sig endurskoðendur sem sinna kröfunum um endurmenntun og tryggingar osfrv. „Þess vegna er það mjög aðkallandi að finna lausn á því að þeir sem ljúka löggildingarprófi fái viðhlitandi titil.“

Á undanförunum uppgangstímum hefur verið gríðarleg spurn eftir endurskoðendum og þótt þessi viðsnúningur hafi orðið í efnahagslífinu þá hefur eftirspurnin síst minnkað. „Ég er stolt af því að fylgjast með því hvernig skilaneindir og Fjármálaeftirlitið sagnar til sín þessa starfskrafta

núna. Það segir sína sögu um hvað mikil þekking er til staðar hjá þeim sem hafa þessa menntun og reynslu,“ bætir Margret við máli sínu til stuðnings.

Höfum augljóslega verið á réttri braut

Í kjölfar lagabreytinganna hefur félagið verið með stefnumótunavinnu sem hefur falist í því að skoða félagið í heild, fyrir hverja það er og hvaða þjónustu félagið vill fá. Margret segir það ljóst að fyrir utan lagabreytingarnar hafi sú skoðun ekki leitt til neinna stórfelldra breytinga. „Það sýnir glögggt að við höfum verið á réttri braut,“ segir Margret og hvorki fer á milli mála hve virkt félagið er né hve málefni þess eru henni hugleikin. Meginniðurstöður þessarar vinnu eru því engar U-beygjur, heldur frekar að bæta þurfi ýmsa þætti og leggja frekari áherslur á aðra. Eins er ljóst að til þess að geta sinnt þessu þarf aukinn mannskap. Undanfarið hefur félagið verið með 2 starfsmenn í hlutastarfi en nú hefur verið ákveðið að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf og þarf viðkomandi að vera endurskoðandi. Þessum starfsmanni er ætlað að sjá um endurmenntunarpáttinn auk margra þeirra verkefna sem hafa hvílt á faglegum framkvæmdastjóra, formanni og stjórn félagsins.

Margret fyrsta konan sem formaður FLE

Félag löggiltra endurskoðenda var stofnað árið 1935 og verður því 75 ára árið 2010. Halda á upp á það með því að skrifa sögu félagsins og gera endurskoðendatal og er hvort tveggja í vinnslu. Margret var kjörin formaður félagsins árið 2007 og jafnframt fyrsta konan til að gegna þeirri stöðu. Hún segir að sér hafi verið afar vel tekið þótt endurskoðendur hafi óneitanlega talið hefðbundin karlastétt hingað til. Sem dæmi fékk fyrsta konan ekki löggildingu fyrr en um miðjan áttunda áratuginn. „Þátttaka kvenna er að aukast – kynjahlutfallið er greinilega að jafnast a.m.k. í stærri fyrirtækjunum,“ segir Margret brosandi en tjáir sig ekki meira um jafnréttismálin.

„Það hefur verið mjög gaman að vinna fyrir félagið,“ segir hún að lokum á sinn yfirvegaða og hógværa hátt. „Þetta er þakklátt starf.“

An accountant visited the Natural History museum. While standing near the dinosaur he said to his neighbor: „This dinosaur is two billion years and ten months old“.

„Where did you get this exact information?“

„I was here ten months ago, and the guide told me that the dinosaur is two billion years old.“



What's an accountant's idea of trashing his hotel room?

Refusing to fill out the guest comment card.



When does a person decide to become an accountant?

When he realises he doesn't have the charisma to succeed as an undertaker.



If an accountant's wife can't get to sleep, what does she say?

„Tell me about work today, dear“



Efni frá aðalfund FLE 2008

Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda var haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 14. nóvember 2008.

Fundargerð aðalfundar er að finna á heimasíðu FLE www.fle.is. Þar er einnig að finna nýjar samþykktir félgsins sem samþykktar voru á aðalfundinum.

Nýjar siðareglur FLE

Guðmundur Snorrason formaður siðanefndar FLE gerði grein fyrir vinnu Siðanefndar FLE á síðasta starfsári.

Meginverkefnið er að innleiða nýjar siðareglur í samræmi við lög um endurskoðendur. Lá fyrir að þessar reglur myndu byggja á gildandi siðareglum IFAC frá júní 2005. Töluvert mikið verk er að þýða skilgreiningar og hugtök sem koma fram í öllum köflum reglanna. Löggiltur skjalabýðandi þýddi reglurnar í heild sinni og var því lokið í september 2007 en þrátt fyrir að það hafi verið nokkuð góð þýðing þá hefur samt þurft að leiðrétta og breyta nærri hverri einustu setningu. Eftir að vinnan var hafin var ljóst að verulegar breytingar yrði á gildandi reglum IFAC og þá sérstaklega varðandi óhæði. Einnig breytingar á skilgreiningu er varðar einingar tengdar almannahagsmunum, útskiptingu endurskoð-

enda (7 ára reglan), reglur varðandi heimildir til að veita aðra þjónustu jafnframt endurskoðun og leiðbeiningar varðandi þóknanir endurskoðenda. Þegar ljóst var að þetta viðamiklar breytingar væru í sjónmáli þá ákvað nefndin að hægja á vinnu sinni til að geta tekið þær inní nýjar siðareglur FLE. Reiknað var með að nýjar reglur kæmu í ársbyrjun 2008 sem þær gerðu, en þær hafa enn ekki verið birtar eða gefnar út. Í maí 2008 komu fram frekari tillögur að breytingum hjá IFAC varðandi innra eftirlit og þegar tekjur af einstökum viðskiptavinum færu yfir 15%. Í júlí 2008 komu fram tillögur að nýjum heildareglum og lauk umsagnarfresti í október 2008. Gert er ráð fyrir að þessar reglur verði gefnar út um mitt ár 2009. Nýju reglurnar fela í sér verulegar orðalagsbreytingar og eru núna komnar upp í 209 blaðsíður. Miðað við þessa stöðu að það liggur



Guðmundur Snorrason formaður siðanefndar FLE

fyrir að verulegar breytingar eru í vændum þarf að taka afstöðu til hvort miða á við gömlu reglurnar og klára málið tiltölulega snögg eða að taka upp væntanlegar nýjar reglur IFAC þó það þýði að siðareglur FLE dragist aðeins á langinn. Þó Siðanefndinni þyki slæmt að þurfa að fresta útgáfu siðareglna, þá sé það praktískara að bíða og gefa út reglur sem verði ekki úreltar innan nokkurra mánaða. Siðanefndin óskar eftir að stjórn FLE taki afstöðu til þessa máls.

Nýjar tillögur að skipulagi og starfsemi FLE

Í ljósi nýrra og nokkuð breyttra laga um endurskoðendur sem m.a. hafa bein áhrif á starfsemi FLE ákvað stjórn félagsins að leggja út í það verkefni að fara yfir starfsemi og skipulag félagsins. Ákveðið var strax í upphafi að nálgast verkefnið ekki einvörðungu út frá hinum nýju lögum heldur skoða starfsemina í heild sinni með það að leiðarljósi að tryggja að félagið sinnti þeirri þjónustu sem félagsmenn þurfa og vilja fá. Nú er það ekki svo að félagið hafi ekki þjónað félagsmönnum dyggilega í gegn um árin en umhverfið breytist og þarfirnar með og nauðsynlegt að félagið fylgi þeirri þróun öllum félagsmönnum til hagsbóta. Félagið réði Jón Garðar Hreiðarsson ráðgjafa til að aðstoða við vinnuna.

Breytingar eru gerðar með nýjum lögum sem hafa bein áhrif á FLE. Sú grundvallarbreyting felst í lögnum að öllum endurskoðendum með gild réttindi er nú skylt að vera félagsmenn í FLE og jafnhliða lagðar ýmsar skyldur á félagið. Þessi breyting ein og sér kallar á ítarlega skoðun á skipulagi félagsins. Síðan fór Margret yfir lögformleg hlutverk félagsins samkvæmt nýju lögnum.

Ákveðið var að nálgast verkefnið út frá þörfum félagsmanna og var þá fyrst hugað að því hverjir væru félagsmenn FLE. Fljótt var ljóst að innan félagsins eru hópar sem hafa þörf fyrir mismunandi þjónustu af hálfu félagsins og þá ekki síst með tilliti til endurmenntunar. Félagsmönnum má skipta í nokkra hópa



Margret Flóvenz kynnir nýjar tillögur að skipulagi og starfsemi FLE.

- Alþjóðlegar stofur 136 félagar – 40%
- Minni stofur 68 félagar – 20%
- Alls 60% starfandi
- Utan stofa 95 félagar – 28%
- Erlendis 9 félagar – 3%
- Alls í öðrum störfum 31%
- Hættir 30 félagar – 9%
- Samtals 338 félagar



Lagt við hlustir

Stjórn félagsins tók strax þá stefnu að félagið skuli eftir sem áður vera fyrir alla þá sem hlotið hafa löggildingu sem endurskoðendur á Íslandi óháð því hvort þeir hafa lagt inn réttindi sín eða ekki. Það þýðir að nauðsynlegt er að skilgreina þjónustu félagsins með tilliti til þess að þessir hópar kunni að hafa mismunandi þarfir.

Í október var haldinn vinnufundur félagsmanna þar sem fjallað var um þá þjónustupætti sem félagið á að veita bæði með tilliti til laganna og út frá þeim þörfum sem einstakir hópar félagsmanna kunna að hafa.

Á vinnufundinum var þátttakendum skipt í 6 hópa. Hóparnir gerðu svo grein fyrir sínum niðurstöðum og vangaveltum í lok fundarins. Niðurstöður hópanna leiddu í ljós að grunnskilningur félagamanna á tilgangi og uppbyggingu félagsins er mjög í takt við þá stefnu sem stjórn félagsins hefur tekið.

Hópurinn sem fjallaði um endurmenntun lagði áherslu á að tryggja þyrfti framboð og fjölbreytni og lagði til að ráðinn yrði endurmenntunarstjóri. Þá varpaði hópurinn fram ýmsum spurningum og vangaveltum varðandi skilgreiningar á því hvað væri staðfestanlegt, hvernig eftirliti yrði háttað og aðkomu FLE að því auk þess sem rætt var um ráðstefnur félagsins. Þessi atriði eru nú komin á verkefnalista sem bíður nýrrar stjórnar.

Niðurstöður hópsins voru því á sömu nót-

um og stjórn hefur rætt að nauðsynlegt er að leggja enn aukna áherslu á menntunarmálin og ljóst að það þýðir auknar kröfur til félagsins og kallar á viðbótar vinnuframlag af hálfu starfsmanna félagsins hvort sem það er með fjölgun eða auknu starfshlutfalli. Það er því ljóst að ekki verður brugðist við nýjum lögum og þörfum félagsmanna til endurmenntunar nema með auknum tilkostnaði af hálfu félagsins.

Hópurinn sem fjallaði um grunnmenntunina velti því fyrir sér hvort að félagið eigi að koma að grunnmenntuninni á einhvern hátt, hvort það sé ekki hlutverk hins opinbera. Það er ljóst að félagið hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að koma að grunnmenntuninni í neinum mæli jafnvel þó það vildi blanda sér í þetta hlutverk ríkisins. En hinu má ekki gleyma að þrátt fyrir að grunnmenntunin sé ekki í höndum FLE hefur allt frumkvæði í menntun stéttarinnar í gegnum áratuginu komið frá FLE. Varðandi Námsstyrkjasjóð velti hópurinn því fyrir sér hvort hlutverk sjóðsins væri of þröngt skilgreint, hvort breyta þyrfti markmiðum hans eða jafnvel leggja hann niður. Hópurinn benti á að breyttar þjóðfélagsaðstæður gerðu það áhugaverðara en áður að sækja sér framhaldsmenntun og því væri e.t.v. rétt að halda sjóðnum óbreyttum næstu árin og taka málið upp síðar í ljósi reynslunnar. Það virðist tímabært að huga að breytingum á sjóðnum í því skyni að nýta fjármuni hans stéttinni til

framdráttar. Stjórn FLE hefur farið þess á leit við stjórn Námsstyrkjasjóðs að hún færi yfir markmið sjóðsins og kæmi með tillögur til breytinga ef henni sýndist þörf á því. Að svo stöddu liggja því ekki fyrir neinar tillögur um breytingar á skipulagsskrá sjóðsins.

Þriðji hópurinn fékk það verkefni að fjalla um hlutverk félagsins við hagsmunagæslu í viðumskilningi. Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna stéttarinnar sem heildar og koma fram fyrir hennar hönd en ekki einstakra félagsmanna. Einnig er þarf félagið að standa vörð um starfsheitið og reyna að auka skilning á þeim mismun sem er á endurskoðanda og annarra sem starfs starfa við uppgjör og skattframtöl svo dæmi séu nefnd. Hópurinn sem fjallaði um hlutverk félagsins í upplýsingamiðlun taldi mjög gott að félagið dreifði upplýsingum um laga-breytingar og dómsúrskurði til félagsmanna. Þá taldi hópurinn mikilvægt að hægt væri að nálgast staðla og slíkt í gegn um vef félagsins. Það er ljóst að upplýsingamiðlun félagsins til félagsmanna um ýmislegt sem fag þeirra og störf varðar er mikilvægur þáttur í starfi félagsins og er nauðsynlegt að lögð verði áhersla á að gera hana eins gagnlega en um leið eins markvissa og kostur er.

Hópurinn sem fjallaði um faglega starfið taldi að félagið ætti að beita sér fyrir annars vegar kynningu og hins vegar túlkunum á stöðlum og lögum. Rætt var um áhrif á mótun alþjóðlegra starfa og bent á að slíkt gerðist fyrst og fremst í gegn um NRF. Hópurinn taldi að FLE ætti að vera sá aðili sem fjallaði um reikningsskil á faglegan hátt í samfélaginu og kom með þá athyglisverðu hugmynd að reikningsskilanevnd félagsins yrði víkkuð út með þátttöku annarra svo sem þeirra sem starfa við reikningsskil og fræðimanna. Hugmyndin um útvíkkun reikningsskilanevndarinnar er mjög áhugaverð. Það þarf þó að horfa til þess að flestir bestu reikningsskilamenn landsins eru félagsmenn í FLE hvort sem þeir eru praktiserandi /starfandi? endurskoðendur, starfandi við reikningsskil úti í fyrirtækjunum eða fræðimenn. Eftir sem áður gæti það orðið reikningsskilum til framdráttar á Íslandi ef aðrir aðilar tæki tækjubeinan þátt í störfum reikningsskilanevndar FLE. Engar tillögur liggja þó fyrir um breytingu á reikningsskilanevndinni í þessa veru

enda þyrfti áður en til slíks kæmi að hafa um það samráð við þá aðila sem við hugsanlega vildum kalla til samstarfs. Hópurinn taldi samræmingu í á ýmsum vinnubrögðum, mikilvæga meðal félagsmanna ekki síst í endurskoðuninni og að félagið hefði hlutverki að gegna í því sambandi. Þá lagði hópurinn til að siðanefndin yrði varanleg og að sérstaklega yrði tekið á kynningarstarfi út á við svo sem með útvíkkuðu hlutverki ritnefndar. Í tillögum til breytinga á samþykktum sem lagðar verða fyrir fundinn hér á eftir er lagt til að siðanefnd verði gerð að einni af fastanefndum félagsins og að nafni ritnefndar verði breytt og hlutverk hennar aukið þannig að það taki einnig til kynningarmála.

Síðasti hópurinn fjallaði ekki um ákveðinn þátt í starfsemi félagsins heldur um þjónustu þess út frá mismunandi þörfum félagsmanna. Hópurinn nefndi sem eitt af því sem væri í góðu lagi að við værum með eitt félag fyrir alla endurskoðendur. Þá benti hópurinn á að nauðsynlegt væri á auknum stöðugildum hjá félaginu m.a. vegna aukinna verkefna. Einnig var bent á að mikilvægt er að sjónarmið „allra hópa“ komi fram í nefndarstarfi félagsins og þá ekki síst í menntunarnefnd. Hópurinn taldi þó ekki ástæðu til að deildaskipta félaginu.

Stefnumótunarvinnu félagsins er engan veginn lokið þó að búið sá að skerpa á meginlínunum. Stefnt er að því að FLE verði sem áfram félag allra endurskoðenda hvort sem þeir hafa lagt



Málin rædd

inn réttindi sín eða ekki. Sú menntun og reynsla sem býr að baki þegar menn hafa einu sinni hlotið löggildingu sem endurskoðendur er bæði sérstök og verðmæt.

Í þeim tillögum á breytingum sem liggja fyrir á samþykktum félagsins þá er ekki gert ráð fyrir að breyting verði gerð á því fyrir hverja félagið er né hverjir eigi þar rétt til félagsaðildar. Nafn félagsins breytir þar engu um.

Þjónusta sem félagsmenn þurfa og vilja fá er forgangsverkefni og er brýnt að taka þar mið af mismunandi þörfum ekki síst hvað varðar endurmenntun.

Faglegt hlutverk félagsins er sem fyrr einn af hornsteinum þess. Félagið þarf að þróast með starfsumhverfi okkar auk þess er brýnt að saga þess, hefðir og gildi séu varðveitt.

Í ljósi þeirra óska sem félagsmenn hafa um þjónustu og lögboðins hlutverks FLE þá er ljóst að auka þarf starfsemi félagsins. Þá hefur það verið rætt að ýmis verkefni stjórnar félagsins megi flytja til framkvæmdastjóra. Tveir starfsmenn eru hjá FLE og eru báðir í 60% starfi. Allt til 1. febrúar 2005 var einungis einn starfsmaður hjá félaginu, þegar ráðinn var faglegur framkvæmdarstjóri í 60% starf. Með þeirri ráðningu



Lagt við hlustir



Lagt við hlustir

varð veruleg breyting á starfsemi félagsins. Faglegur framkvæmdastjóri sinnir ýmsum faglegum málum svo sem vinnu fyrir fagnefndir félagsins, samskiptum innan NRF, samskiptum við fjármálaráðuneytið og skattayfirvöld, auk ýmissra annarar faglegrar vinnu. Með faglegum framkvæmdastjóra hefur vinna formanns og varaformanns vegna ýmissa verkefna í þágu félagsins

breyst, en helsti ávinningur með ráðningu hans er sá að félagið er nú mun virkara í allri faglegri vinnu. Með auknum verkefnum félagsins, ekki síst á sviði endurmenntunar hefur verið ákveðið að ráða faglegan framkvæmdastjóra í fullt starf á næsta ári. Gunnar Sigurðsson sem gengt hefur því starfi frá upphafi hefur ákveðið að láta af störfum snemma árs 2009. Á næstunni mun

stjórn félagsins því auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra og telur stjórnin nauðsynlegt að til starfsins veljist löggiltur endurskoðandi.

Í nýjum lögum um endurskoðendur eru talin upp þau verkefni sem FLE ber að sinna en jafnframt tiltekið að heimilt sé að stofna sérstaka félagsdeild til að sinna öðrum verkefnum. FLE hefur í 73 ára sögu sinni starfað sem ein heild og því væri það stórt skref að breyta því fyrirkomulagi. Stjórn félagsins telur að þau verkefni sem félagið hefur sinnt og hefur í hyggju að sinna rúmist öll innan upptalningar laganna. Hins vegar er nauðsynlegt að tryggja að skipulag félagsins sé óvæfengjanlega í samræmi við lög m.t.t. skylduáildarinnar jafnframt því sem það tryggir hagsmuni félagsmanna sem best. Það er því verkefni nýrrar stjórnar að nýta þann tíma sem eftir lifir árs þar til nýju löggin taka gildi að skoða þennan þátt gaumgæfilega og leggja fram tillögur til breytinga verði þess talin þörf.

Formaður hvatti félagsmenn til að vera ófeimna við að koma hugmyndum sínum og tillögum á framfæri – með því móti verður FLE áfram sá styrki vettvangur og bakhjarl íslenskra endurskoðenda sem það hefur verið í yfir 70 ár.



Gunnar Sigurðsson endurskoðandi faglegur framkvæmdastjóri FLE

Gunnar Sigurðsson, faglegur framkvæmdastjóri FLE flutti yfirlit um störf á vegum félagsins á árinu:

Hér á eftir verður einkum fjalla um fagleg efni sem hafa komið inn á mitt borð í samstarfi við norrænu endurskoðunarfélögin og önnur áhuga-verð mál.

Fyrst vil ég nefna mál sem hefur verið nokkuð lengi í umræðunni, en það er takmörkun á skaðabótaábyrgð endurskoðenda, en ég hef áður fjallað um málið og greint ykkur frá niðurstöðum norræns vinnuhóps, sem sendi frá sér skýrslu um það fyrir um tveimur árum síðan. Þetta hef-

Skýrsla faglegs framkvæmdastjóra

ur einnig verið á dagskrá hjá ESB og FEE og niðurstaðan er sú að ESB hefur nú nýlega gefið út

Tilmæli um takmörkun á skaðabótaábyrgð endurskoðenda

Helstu forsendur fyrir takmörkun á skaðabótaábyrgð endurskoðenda eru að starfsemi verðbréfamarkaða og lánastofna byggja m.a. á því að viðskiptaaðilar þeirra, skráð fyrirtæki, hafi aðgang að endurskoðunarþjónustu á markaði sem tryggir eðlilega samkeppni endurskoðunar fyrirtækja og að endurskoðunar fyrirtækin séu fús á að veita slíka þjónustu. Þróun viðskiptahátta og aukin alþjóðleg starfsemi skráðra fyrirtækja, aðstæður á hinum alþjóðlega fjármálamarkaði, ásamt sókn þeirra eftir fjármagni frá almenningi hefur leitt til aukinna áhættu á ýmsum sviðum í rekstri þeirra. Áhætta endurskoðunar fyrirtækja þeirra hefur að sama skapi auk-

ist, þannig að sífellt verður erfiðara fyrir endurskoðunar fyrirtækin að tryggja sig fullkomlega gegn skaðabótakröfum sem kynnu að vera settar fram gagnvart þeim ef eitthvað fer úrskeiðis í rekstri þessara fyrirtækja. Hætta er á að slíkar skaðabótakröfur geti komi fram í þeim mæli að endurskoðunar fyrirtækin eða tryggingarvernd standi ekki undir þeim. Þau geti því liðið undir lok, en það hefur í för með sér að endurskoðunar fyrirtækjum sem eru einkum á þessu markaði, hin fjóru stóru, fækkar, sem aftur getur leitt til þess að ekki er tryggt að skráðu fyrirtækin hafi nægan aðgang að hæfri endurskoðunarþjónustu og eins að samkeppni milli endurskoðunar fyrirtækjanna minnki sem getur haft alþekkrar afleiðingar í för með sér fyrir skráðu fyrirtækin. Einnig hamlar hætta á himinháum skaðabótakröfum öðrum minni endurskoðunar fyrirtækjum á að fara inn á þennan markað, eins og æskilegt væri við slíkar aðstæður. Tilmælunum er því

ætlað að koma í veg fyrir slíkan vanda og áhrif þess sem það gæti haft á alþjóðlega fjármála-markaði.

Takmörkun á ábyrgð endurskoðanda er þó ekki ætlað að ná til tjóns með hefur orðið vegna ásetnings endurskoðanda, né að slík takmörkun komi ekki í veg fyrir að sá sem hefur orðið fyrir tjóni fá sanngjarnar bætur.

Af þessum ástæðum hefur ESB sett fram til-mæli til aðildarríkjanna um að skaðabótaá-byrgð endurskoðenda skráðra fyrirtækja verði takmörkuð.

Helstu atriði í tilmælunum:

• Hámark bótaskyldu

Hámark bótaskyldu sem miðað er við ein-hverja fasta fjárhæð, eða ákvörðuð með einhverri tiltekinni formúlu, þ.e. getur verið breytileg eftir stærð fyrirtækja eða umfangi endurskoðunarinnar.

• Hlutfallsleg skaðabótaskylda – ekki ótakmörkuð ábyrgð með öðrum aðilum máls

Endurskoðandi verði einungis krafinn bóta með tilliti til þess þáttar sem hann átti í tjóni fyrir-tækis, en beri ekki óskipta ábyrð á heildar-tjóninu með öðrum aðilum máls.

• Samningsatriði

Hámark bóta má gera að samningsatriði á milli endurskoðanda og viðkomandi félags í þeim ríkjum sem heimila einungis lögsókna af hálfu fyrirtækis gegn endurskoðanda, en ekki einstakra hluthafa eða þriðja aðila. Slík-ur samningur þarf að hljóða samþykki stjórn-enda fyrirtækis og eftirlitsaðila (endurskoð-unarnefndar). Einnig þarf til samþykki hlut-hafafundar og að samningsins sé síðan getið í skýringum við ársreikninginn.

• Niðurfelling á endurskoðunarskyldu minni félaga

Í dag eru öllum félögum samkvæmt ársreikn-ingalögum skylt að láta endurskoða ársreikn-inga sína, en félögum sem ekki fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð geta í stað endurskoðenda kosið skoð-unarmann til að endurskoða ársreikning:
o eignir nema 120.000.000 kr.,
o rekstrartekjur nema 240.000.000 kr.,
o fjöldi ársverka á reikningsári er 50.



Fyrrum formenn FLE þeir Rúnar Bjarni Jóhannesson og Geir Geirsson.

Í nýjum lögum um endurskoðendur er tekið fram að engir nema endurskoðendur megi endur-skoða ársreikninga sé endurskoðun félaga lög-boðin. Því þarf að breyta ársreikningalögum að minnsta kosti þannig að ákvæði um end-urskoðun skoðunarmanna verði felld niður. Auk þess þarf að fjalla um það hversu víðtæk endur-skoðunarskyldan eigi að vera gagnvart minni félögum og setja einhver mörk eða viðmiðun að því leyti, ef ekki er vilji til að viðhalda endur-skoðunarskyldunni gagnvart öllum félögum eins og núverandi ákvæði í lögum gerir ráð fyrir. Ef áður nefnd stærðarmörk í ársreikningalögum verða notuð áfram og endurskoðunarskyldan í þeim felld niður myndi sú ráðstöfun ná til yfir 90% allra skattskyldra félaga samkvæmt upp-lýsingum frá ríkisskattstjóra.

Á hinum Norðurlöndunum hafa danir og finn-ar sett frekar lág stærðarmörk gagnvart félögum sem undanþegin eru endurskoðunarskyldu, hjá dönum er miðað við veltu um 3 milljónir DKK, eignum um 1,5 milljónir DKK og 12 starfsmenn. Finnar hafa svipuð lág mörk. Svíar virðast hins vegar stefna á talsvert hærri mörk, en norðmenn vilja viðhalda óbreyttri endurskoðunarskyldu.

Æskilegt er að félagsmenn ræði um slík stærð-armörk og komi skoðunum sínum á framfæri við stjórn félagsins, en nefnd á vegum Fjármálaráðu-neytisins er einmitt nú að störfum og er henni ætlað að setja fram tillögur sem snúa að end-urskoðunarþættinum í ársreikningalögum.

„An Audit is an Audit“

Í tengslum við umræðu um endurskoðunar-skyldu minni félaga þá hefur mikil umræða farið um endurskoðun þessara fyrirtækja með hlið-sjón af kröfum um beitingu alþjóðlegra end-urskoðunarstaðla jafnt á þessi félög sem stærri félög. Margir hafa haldið fram að erfiðleikum sé háð að endurskoða minni fyrirtæki í samræmi við slíka staðla og það muni hafa í för með sér verulega aukinn kostnað í för með sér fyrir þessi fyrirtæki. Því hafa verið settar fram tillögur um að útbúa nýja staðla sem eigi sérstaklega við endurskoðun minni fyrirtækja, svokallaðra „Au-dit light“ staðla. Alþjóðasamband endurskoð-enda, IFAC, hefur sett sig á móti slíkum hug-myndum og haldið fast við að endurskoðun sé endurskoðun, og eigi sem slík að veita sömu tryggingu gagnvart reikningskilum allra fyrir-tækja, óháð stærð þeirra. Lét IFAC í tilefni þess útbúa leiðbeiningarbækling um hvernig beita megi ISA stöðlum við endurskoðun minni fyrir-tækja. Sumum þykir þessi leið einnig langsótt, enda er bæklingurinn samtals um 400 blaðsíður að stærð. Þennan bækling má nálgast á heima-síður IFAC.

Í tengslum við þessa umræðu hefur komið fram að í mörgum löndum, m.a. á hinum Norður-löndunum, eins og áður kom fram, að tilhneiging löggjafans þar til að létta endurskoðunarskyld-unni af minni félögum í samræmi við stefnu-mörkun um að einfalda lagaramma og skyldur



Fyrrum formenn FLE þeir Sigurður B. Arnþórsson, Þorvarður Gunnarsson og Símon Á. Gunnarsson.

minni félaga til að gera þau samkeppnishæfari á alþjóðlegum markaði.

Í þessu löndum velta endurskoðendur fyrir sér hvort hægt sé að bjóða fram nýja þjónustu í stað endurskoðunar. Helst hefur komið til greina að í stað endurskoðunar komi lögboðin „review“ eða könnun reikningsskila í samræmi við ISA reglur, en slíkt könnun reikningsskila er almennt notuð og viðurkennd „markaðsvara“ í löndum eins og Kanada og BNA.

Í Danmörku hefur þessi umræða verið líflæg, en mörgum þar finnst þó að könnunaráritun á reikningsskil virki of neikvæð eftir orðalagi hennar og hefur danska félagið því sett af stað vinnu við að útbúa nýjan staðal með það að markmiði að vinna endurskoðandans samkvæmt staðlinum geti gefið áritun á reikningsskil sem veiti með jákvæðum hætti meiri tryggingu gagnvart lesendum reikningsskila en könnunaráritun, en þó minni en fyrirvaralaus áritun.

Fróðlegt verður að fylgjast með niðurstöðum þessa vinnuhóps en þeirra er að vænta um eða eftir næstu áramót.

Endurskipulagning Norræna endurskoðendasambandsins (NRF)

NRF sem eru líklega elstu fjölþjóðlegu samtök endurskoðenda, stofnuð árið 1935, hafa gengið í gegn um margar „uppfærslur“ gegnum árin

síðan þau voru stofnuð og standa nú frammi fyrir einni slíkri nú um stundir. Aðdragandinn er fyrst og fremst sá að Björn Markland sem hefur verið framkvæmdastjóri sambandsins síðan 2004, þegar hann varð fyrsti framkvæmdastjóri þess í föstu starfi, lætur af störfum á miðju næsta ári. Auk þess má gera ráð fyrir flutningi á skrifstofu sambandsins við ráðningu nýs framkvæmdastjóra frá öðru Norðurlandanna. Björn hefur auk framkvæmdastjórastarfsins verið tæknilegur ráðgjafi svíans Göran Tidsström, sem hefur átt sæti í stjórn IFAC um nokkurra ára skeið. Rétt þykir því að fram fari nokkurs konar úttekt á starfi sambandsins m.a. hvort auka eigi starfsvið framkvæmdastjórans og starfshlutfall hans en Björn hefur verið í hálfu starfi. Stefnit er að því að gera það sem kallað er á góðri norrænu „business plan“ en helstu þættir í starfsemi sambandsins hafa verið:

Í fyrsta lagi sameiginleg þátttaka fulltrúa NRF í alþjóðlegum samtökum, FEE, IFAC. NRF hefur valið sameiginlega fulltrúa í stjórnir og nefndir FEE og IFAC. Fulltrúarnir koma ávallt fram sem fulltrúar NRF en ekki einstakra landa innan sambandsins. Með þessum hætti hefur verið talið að slíkt yki líkur á kjöri þeirra þegar margir aðrir eru í „framboði“, sem títt er og auk þess að rödd þeirra vegi meira í fjölþjóðlegu starfi. Eins og er á NRF einn af framkvæmdastjórum FEE og stjórnarmann í IFAC. Gert er ráð fyrir að stjórn-

armaður NRF í IFAC verði kosinn varaforseti þess til næstu tveggja ára og síðan forseti þess næstu tvö árin þar á eftir. Einnig á NRF fulltrúa í ýmsum nefndum IFAC, svo sem IAASB (auditing), IA-ESB (education), IESBA (ethics), IPSASB (public sector), CAP (compliance) og SMPC (small and medium-sized practices).

Þá er mikilvægur þáttur í starfi NRF miðlun upplýsinga og skoðanaskipti innan NRF. Miðlun upplýsinga innan NRF fer fram með ýmsu móti, svo sem með reglulegum símafundum framkvæmdastjóra félaganna, fundum formanna félaganna að minnsta kosti tvisvar á ári og samskiptum milli einstakra fagnefnda þegar tilefni er til. Lagt er til að samstarf einstakra fagnefnda verði aukið og það tengt nánar starfi fulltrúa NRF í fagnefndum IFAC. Rætt er um að fulltrúar NRF haldi símafundi við undirbúning fundu IFAC með fulltrúum fagnefnda norrænu landanna með það fyrir augum að þeir hafi möguleika á að ræða þau mál á fundunum við fulltrúa NRF sem skipta aðilarfélög NRF mestu máli. Að fundi loknum geti þeir síðan skipst á upplýsingum um framgang einstakra mála.

Þá má næst nefna vinnu við sérstök sameiginleg verkefni í vinnuhópum. Lagt er til að hugað verði enn frekar að myndum sameiginlegra vinnuhópa um einstök afmörkuð verkefni, sem annað hvort hefur ekki verið sinnt af IFAC eða FEE eða þau hafa verið á dagskrá hjá alþjóða-



samtökunum en þau ekki tekið tillit til sérstaka og afmarkaða atriða sem hafa þýðingu fyrir aðildarfélög NRF.

Sem dæmi má nefna: Annars konar þjónustu endurskoðenda en þá sem leiðir til fyrirvaralausar áritunar, sbr. dæmi frá Danmörku. Aðgreining endurskoðenda eftir menntun, sbr. skráða eða löggilta endurskoðenda og mismunandi heimildir til lögboðinna endurskoðunar fyrirtækja. Mótun reglna gagnvart annars konar þjónustu sem endurskoðendur á Norðurlöndum veita. Gert er ráð fyrir í áætluninni að nýr framkvæmdastjóri NRF muni verða virkur þátttakandi og stjórnandi vinnuhópanna til að tryggja framgang verkefnavinnu hverju sinni.

Loks nefni ég kostnaðarskiptingu með tilliti til fjölda félagsmanna í aðildarfélögum. Reiknað er með að áfram verði viðhöfð skipting kostnaðar vegna reksturs NRF og fundarþátttöku í störfum FEE og IFAC með líkum hætti og áður. Núverandi kostnaðarskipting er þannig að Danmörk, Noregur og Svíþjóð greiða 28% hvert, Finnland 13% og Ísland 3%. Slík kostnaðarskipting er mjög hagstæð okkur hjá FLE, því við getum tekið fullan þátt í starfi NRF og alþjóðlegu starfi innan IFAC, og átt m.a. fulltrúa í menntunarnefnd IFAC, sem væri FLE um megn ef slík kostnaðarskipting væri ekki fyrir hendi.

Ég tel í lokin á þessu yfirliti sem ég hef gefið um Norræna endurskoðunarsambandið, að það sé okkur hjá FLE ákaflega mikilvægt og sá vettvangur sem við höfum til að taka þátt með beinum eða óbeinum hætti í starfi alþjóðasambands endurskoðenda. En eins og við vitum hefur allt starf endurskoðenda við endurskoðun ársreikninga tekið breytingum á síðari árum, nú á ársreikningsgerðin í stöðugt meira mæli að miðast við setta alþjóðlega reikningsskilastaðla og endurskoðun hérlandis skal frá og með næstu ármótum vera í samræmi við alþjóðlega endurskoðunar- og gæðastaðla. Því er samstarf norðurlandanna svo mikilvægt að með því móti getum við frekar komið fulltrúum okkar inn í stjórn alþjóðasambandsins og í þær fagnefndir sem við teljum mikilvægar fyrir okkur, en þar geta þeir á vissan hátt gætt að norrænum gildum á þessu sviði og tryggt að rödd okkar heyrir meðal þjóðanna við þá staðlagerð sem þarf fram.

Til hamingju með afmælið – árið 2009

75 ára þann 18. júlí 2009	Eyjólfur Guðmundsson
75 ára þann 2. ágúst 2009	Gísli Torfason
75 ára þann 26. nóvember 2009	Atli Hauksson
70 ára þann 25. janúar 2009	Gunnar Sigurðsson
70 ára þann 4. maí 2009	Geir Geirsson
70 ára þann 22. nóvember 2009	Sveinn Sæmundsson
70 ára þann 9. desember 2009	Valur Franklín
60 ára þann 15. janúar 2009	Pétur Jónsson
60 ára þann 6. mars 2009	Friðbjörn Björnsson
60 ára þann 12. júní 2009	Gunnar R. Einarsson
60 ára þann 2. ágúst 2009	Lilja Steinþórsdóttir
60 ára þann 10. ágúst 2009	Guðmundur Hannesson
60 ára þann 11. ágúst 2009	Karlotta B. Aðalsteinsdóttir
60 ára þann 7. september 2009	Guðmundur E. Kjartansson
60 ára þann 13. nóvember 2009	Rúnar B. Jóhannsson
60 ára þann 2. desember 2009	Þorsteinn Haraldsson
60 ára þann 9. desember 2009	Jónatan Ólafsson
50 ára þann 7. janúar 2009	Benóní Torfi Eggertsson
50 ára þann 11. febrúar 2009	Bjarki Bjarnason
50 ára þann 12. febrúar 2009	Jóhann Unnsteinsson
50 ára þann 6. apríl 2009	Theodór S. Sigurbergsson
50 ára þann 29. apríl 2009	Guðmundur Kjartansson
50 ára þann 14. maí 2009	Óskar Sverrisson
50 ára þann 12. júlí 2009	Hilmar A. Alfreðsson
50 ára þann 14. ágúst 2009	Margret G. Flóvenz
50 ára þann 11. september 2009	Arnar Árnason
50 ára þann 17. september 2009	Ómar H. Björnsson
50 ára þann 27. september 2009	Lárus Finnbogason
50 ára þann 10. október 2009	Helga Harðardóttir
50 ára þann 10. nóvember 2009	Guðrún Torfhildur Gísladóttir
50 ára þann 17. desember 2009	Björg Sigurðardóttir
40 ára þann 5. febrúar 2009	Jón Sigurður Helgason
40 ára þann 10. febrúar 2009	Agnar Már Olsen
40 ára þann 6. apríl 2009	Ólafur Gestsson
40 ára þann 18. apríl 2009	Bogi Nils Bogason
40 ára þann 5. maí 2009	Guðjón Jóhannesson
40 ára þann 18. maí 2009	Anna Þóra Benediktsdóttir
40 ára þann 1. júní 2009	Kristófer Ómarsson
40 ára þann 21. september 2009	Hafdís Böðvarsdóttir
40 ára þann 11. október 2009	Sigrún Guðmundsdóttir
40 ára þann 13. nóvember 2009	Regína Fanný Guðmundsdóttir
40 ára þann 21. nóvember 2009	Ragna H. Hjartardóttir
30 ára þann 19. júní 2009	Jón Rafn Ragnarsson
30 ára þann 25. ágúst 2009	Berglind Hákonardóttir
30 ára þann 12. september 2009	Stefán Þórhallur Björnsson



Stjórn og nefndir 2008–2009

Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2008–2009




Félagsstjórn FLE frá vinstri: Knútur Þórhallsson, Jóhann Unnsteinsson, Margret G. Flóvenz formaður, Þórir H. Ólafsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson.



Menntunarnefnd FLE frá vinstri: Árni Claessen, Ólafur Viggó Sigurbergsson formaður, Pálína Árnadóttir og Ómar Kristjánsson.



Endurskoðunarnefnd FLE frá vinstri: Helga Harðardóttir (PwC), Barði Ingvaldsson formaður, Lilja Steinþórsdóttir og Helga Harðardóttir (KPMG).



Reikningsskilanefnd FLE frá vinstri: Kjartan Arnfinnsson, Jóhann Ioan Constantin Solomon, Arna Guðrún Tryggvadóttir og Erling Tómasson formaður.



Skattanefnd FLE frá vinstri: Ásbjörn Björnsson, Steingrímur Sigfússon, Gunnar Þór Ásgeirsson formaður og Lúðvík Þráinsson.



Kynningarnefnd FLE frá vinstri: Sighvatur Halldórsson, Eymundur Sveinn Einarsson formaður, Helga Erla Albertsdóttir og Auðunn Guðjónsson.



Gæðanefnd FLE frá vinstri: Guðný Helga Guðmundsdóttir, Hólmgrímur Bjarnason Anna Þóra Benediktsdóttir formaður og Sigrún Guðmundsdóttir.

Veislan smærri í sniðum

Þegar leitað er hófanna um samtal við Sigurð Álfgeir Sigurðarson, löggiltan endurskoðanda hjá Deloitte á Egilsstöðum, hefur kappinn brugðið sér af bæ. „Hann er að skjóta rjúpu,“ segir samstarfsmaður. Enda föstudagur á Héraði. „Þú nærð honum á mánudaginn.“

Það stendur heima. „Það fer afskaplega vel saman að vinna sem löggiltur endurskoðandi og skjóta rjúpu,“ útskýrir Sigurður.

Nú?

„Mesta álagið í endurskoðuninni er á vorin en júníþáttir er á haustin.“

Alveg rétt!

Ekki þarf að koma á óvart að Sigurður er ómengað náttúrubarn enda uppallinn í sveit, nánar tiltekið á bænum Kollafjarðarnesi á Ströndum. „Ég hef alla tíð búið úti á landi enda þykir mér það meira heillandi en að búa á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst þegar maður er með börn. Að auki hef ég takmarkaða þörf fyrir allar þessar búðir.“

„Ég fór í viðskiptafræði vegna peninganna eins og flestir aðrir,“ segir Sigurður spurður hvers vegna hann hafi lagt endurskoðun fyrir sig. „Svo varð ég áhættufælnari og fór í eftirlitshlutverkið í stað þess að vera í framlínunni. Ég sé ekki eftir því í dag.“

Sigurður segir reikningsskilin fljótlega hafa heillað sig í náminu við Háskóla Íslands en hann lauk viðskiptafræðiprófi árið 2004. Á lokaárinu vann hann um skamma hríð hjá Deloitte í Reykjavík með námi en áramótin 2003/04 lá leið hans til Egilsstaða. „Konan ber alla ábyrgð á því, hún er héðan. Ég er raunar búinn að vera með annan fótinn á Egilsstöðum frá árinu 1998.“

Vildi drífa í löggildingunni

Sigurður fann sig strax vel í starfi hjá Deloitte á Egilsstöðum undir leiðsögn Sigurðar H. Pálsónar endurskoðanda. Eftir að hafa unnið þar í tæp þrjú ár reyndi hann við löggildingarprófin. „Hvers vegna fór ég í prófin? Mér fannst ég bara vera tilbúinn og vildi drífa í þessu. Ég tók fyrst tvö próf og síðan aftur tvö og komst falllaust í gegnum þetta. Próflæsturinn var mikil törn.“

Sigurður sinnir verkefnum víða um land, samt aðallega á Austurlandi. Hann kemur lítið suður til að glíma við verkefni. „Ég fer mest megnis til Reykjavíkur vegna ýmis konar fundarsetu og í kurteisishéimssóknir. Ef til vill væri æskilegt að fara oftast suður og glíma við stærri og flóknari verkefni, hér hefur hins vegar verið nóg að gera samhliða allri þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað á Austurlandi.“

Sigurður segir viðskiptavinum Deloitte á Austurlandi vera úr nær öllum geirum viðskiptalífsins, fyrirtæki eru þó að jafnaði smærri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. „Þetta þýðir að við þurfum að vera með puttana í flest öllu sem viðkemur faginu, það gerir starfið í senn fjölbreytt og skemmtilegt.“

Mikið er lagt upp úr endumenntun og miðlun þekkingar hjá Deloitte auk þess sem vandalaust er að leita álíts hjá sérfræðingum fyrirtækisins, innan lands sem utan. Enda af nægu að taka, 160 þúsund manns vinna hjá Deloitte viðsvegar um heim.

Líf og fjör á heimilinu

„Mér líður rosalega vel hérna fyrir austan og vil vera hér áfram,“ segir Sigurður þegar framtíðina ber á góma. „Náist ekki jafnvægi í efnahagslífinu munu mörg fyrirtæki lenda í erfiðleikum hér eins og annars staðar, þau standa samt mun



Sigurður Álfgeir Sigurðarson endurskoðandi hjá Deloitte á Egilsstöðum

betur að vígi en fyrir sunnan. Hér hefur veislan verið smærri í sniðum og fyrir vikið úr lægri söðli að detta.“

Varla þarf að taka fram að Sigurður vinnur mikið eins og aðrir í faginu. „Það er ekki hlaupið að því að vinna hóflega langa vinnudaga þegar mörg verkefni bíða.“

En þegar hann er laus á fjölskyldan hug hans allan. „Við eigum tvö börn, fjögurra ára strák og tveggja ára stelpu, þannig það er líf og fjör á heimilinu. Það er líka í mörg horn að líta hjá frúnni en hún er íþróttfræðingur og er í fjarnámi í stjórnun við háskóla í Bandaríkjunum. Það er magnað hvernig möguleikar fólks til náms hafa þróast. Líklegast verður eina erindi hennar til Bandaríkjanna að sækja prófskríteinið.“

Eins og fram hefur komið skýtur Sigurður rjúpu og raunar lætur hann ekki þar við sitja, veiðir líka gæs, svartfugl og hreindýr. Auk þess að fara á sjóstöng en Sigurður á lítinn bát ásamt tengdaföður sínum og bróður hans. „Það er allra meina bót að komast á sjóinn.“

Nýr framkvæmdastjóri hjá FLE

Sigurður B. Arnþórsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri FLE. Sigurður var formaður félagsins á árunum 2003–2005 og er félaginu mikill fengur í ráðningu hans. Gunnar Sigurðsson faglegur framkvæmdastjóri síðustu fjögur árin lét af störfum um áramótin og þakkar stjórn félagsins honum gjöfult og gott samstarf.

Margret G. Flóvenz, formaður FLE



Sigurður B. Arnþórsson endurskoðandi Framkvæmdastjóri FLE



Endurskoðunardagur FLE



Kaffisopinn góði.

Endurskoðunardagur FLE var haldinn föstudaginn 18. apríl 2008 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Ráðastefnan var opin. Búnaður til fjarfundarsetu fyrir félagsmenn búsetta á landsbyggðinni var í boði en vegna þátttökuleysis var horfið frá tengingu búnaðarins. Þátttakendur voru 176 að meðtöldum fyrirlesurum og gestum.

Ráðstefnustjóri var Helena Hilmarsdóttir endurskoðandi. Formaður menntunarnefndar FLE Margrét Pétursdóttir setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til dagskrár sem var eftirfarandi:

- **Innri endurskoðun**

Lilja Steinþórsdóttir, forstöðumaður Innri endurskoðunar hjá Kaupþingi hf.

- **Vinnuþappirar endurskoðenda – ISA 230**

Jón Rafn Ragnarsson, endurskoðandi hjá Deloitte hf.

- **Descartes – an audit methodology for SME**

Barbro Andresen, fagsjef, DnRs Kvalitetssikring

- **Tryggingastærðfræðilegt mat lífeyrisskuldbindinga**

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

- **Endurskoðun lífeyrisskuldbindinga**

Sigrún Guðmundsdóttir, endurskoðandi hjá PWC hf.

- **SAS 70 – Third Party Assurance**

Jóhann G. Ásgrímsson, deildarstjóri UT endurskoðunar hjá Landsbanka Íslands hf.

- **Störf endurskoðunarnefnda skráðra félaga**

Bjarnfreður Ólafsson, lögmaður og stjórnarmaður í Kaupþingi banka hf. og meðlimur endurskoðunarnefndar Kaupþings.

Lesendum er bent á heimasíðu FLE www.fle.is en þar má nálgast glærur flestra fyrirlesaranna.

Reikningsskiladagur FLE

Reikningsskiladagur FLE var haldinn föstudaginn 19. September 2008 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var opin endurskoðendum, innri endurskoðendum og öðrum þeim sem áhuga hafa. Þátttakendur voru 203 að meðtöldum fyrirlesurum og gestum. Ráðstefnustjóri var Ólafur Þór Jóhannesson endurskoðandi. Formaður FLE Margrét G. Flóvenz setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til dagskrár sem var eftirfarandi:

- **Gangvirði fjáreigna**

Reynir Stefán Gylfason, endurskoðandi hjá KPMG hf.

- **Alþjóðlegur reikningsskilastaðall IFRS 8 – Starfsþættir (e. operating segments)**

Erling Tómasson, endurskoðandi hjá Deloitte hf.

- **Ákvörðun starfrækslugjaldmiðils**

Jóhann Ioan Constantin Solomon, endurskoðandi hjá KPMG hf.

- **Meðhöndlun tekjuskattskuldbindingar vegna nýlegra breytinga á lögum um tekjuskatt**

Kjartan Arnfinnsson, endurskoðandi hjá MP Fjárfestingabanka hf.

- **Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) - Breytingar**



Skemmtilegt spjall

Arna Guðrún Tryggvadóttir, endurskoðandi hjá PWC

Lesendum er bent á heimasíðu FLE www.fle.is en þar má nálgast glærur flestra fyrirlesaranna.

Haustráðstefna FLE

Haustráðstefna félagsins var haldin 14. nóvember síðastliðinn. Nefndarmenn höfðu lagt áherslu á að drög að dagskrá ráðstefnunnar yrði tilbúin fyrir sumarleyfi. Þar sem hlutabréf og hlutabréfamarkaður hafði verið og var mikill í umræðu manna á meðal var ákveðið að til einka ráðstefnunnar því málefni með yfirskriftinni „Hlutabréfamarkaðurinn“. Okkur hafði tekist að fá fyrirlesara í nánast öll málefni ráðstefnunnar, enda margt ágætis fólk starfandi í þessum geira, sem hafði mikla þekkingu á málefnum og var tilbúið að deila henni með félagsmönnum. Í byrjun októbermánaðar skall ógæfan yfir og allir viðskiptabankar þjóðarinnar urðu gjaldþrota. Þessar hremmingar höfðu þau áhrif að hlutabréfamarkaður landsins gerbreyttist og stór hluti hlutabréfa á markaði urðu verðlaus eða lækkuðu verulega í verði. Vegna þessarar stöðu mátti nánast segja að fyrirliggjandi drög að haustráðstefnu félagsins og yfirskrift hennar ætti ekki lengur við. Við ákváðum þó að bíða út mánuðinn í þeirri von að staðan væri skýrari þá. Í októberlok var ljóst að ekkert hafði breyst þannig að dagskrá ráðstefnunnar þurfti að breyta í samræmi við stöðu mála. Yfirskrift ráðstefnunnar var breytt í „Hlutabréfamarkaðurinn – hrun og endurreisn“. Rætt var við þá aðila, sem höfðu samþykkt að vera með fyrirllestur samkvæmt fyrri dagskrá. Sumir þessara aðila voru reiðubúnir að halda sínu striki og haga fyrirlestrinum í samræmi við nýja yfirskrift, aðrir sögðu sig frá málinu enda ekki lengur í sömu stöðu eins og áður. Leitað var til nýrra aðila um fyrirllestur og tókst það ótúlega vel.

Ráðstefnan hófst kl 8:30 með ávarpi Margretar G. Flóvenz formanns félagsins, sem setti fundinn. Ráðstefnustjóri var Eggert Teitsson, endurskoðandi.

Þjörgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra ávarpaði ráðstefnugesti stuttlega og ræddi ástand í fjármálum og þá ágjöf sem þjóðin þarf að berjast gegn.

Þórður Friðjónsson, forstjóri NASDAQ OMX á Íslandi, ræddi sögu Kauphallarinnar, þróun hlutabréfamarkaðs á undanförunum árum, nú-

verandi stöðu í ljósi kreppunnar og hvernig stefnt verði að endurreisn hlutabréfamarkaðarins á Íslandi. Þó að hlutabréfamarkaðurinn væri í algeru lágmarki nú þá sagði hann að skuldbréfamarkaðurinn væri mjög virkur og yrði það líklega áfram. Hann taldi að jafnvægi í efnahagslífi landsins yrði líklega náð í lok ársins 2010.

Guðríður Ásgeirsdóttir, sérfræðingur á skráningasviði NASDAQ OMX á Íslandi, fjallaði um upplýsingaskyldur þær sem hvíla á félögum sem skráð eru á markaði og úrvinnslu Kauphallarinnar úr þeim á grundvelli laga nr. 108/2007.

Eftir stutt kaffihlé, tók Gylfi Zoega, prófessor við Háskóla Íslands til máls og ræddi um „Stóru bólu“. Hann rakti orsök þeirrar alþjóðlegru fjármálakreppu sem nú hrjáir heiminn, tilurð hennar orsök og afleiðingar. Hann sagði að ekki væri séð fyrir endann á þessari þróun og enn ætti ástandið eftir að versna.

Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur, ræddi um upplýsingar í ársreikningum félaga á markaði og gagnsemi þeirra fyrir greiningaraðila. Hún fjallaði um ársreikninga þessara félaga, hrun íslenska fjármálakerfisins og varpaði fram spurningunni: Gáfu skýrslurnar einhverjar vísendingar um það sem í vændum var?

Næst tók til máls Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Nýja Kaupþings banka hf. Hann ræddi um stöðu og framtíð á hlutabréfamarkaði í ljósi nýliðinna atburða í þjóðfélaginu. Hann taldi að langur tími myndi líða þar til íslenskur verðbréfamarkaður getur unnið traust að nýju. Virkur hlutabréfa- og skuldbréfamarkaður er forsenda þess að fyrirtæki geti sótt fjármagn til vaxtar og fyrir hagkvæmri fjármögnun ríkisins og vaxtamyndun á hinu íslenska mynsvæði.

Stefán Svavarsson, aðalendurskoðandi hjá Seðlabanka Íslands, tók því næst til máls og snéri mál hans að reikningsskilum banka á markaði og um eftirlitsaðila með reikningsskilum þ.e. stjórnir, endurskoðendur, fjármálaeftirlit og ársreikningaskrá. Einnig ræddi hann meginviðhorf til staðla IASB og mismunandi reikningsskilaáferðir í uppjörum bankanna.



Ólafur Viggó Sigurbergsson, formaður menntunarnefndar FLE

Eftir hádegisverðarhlé tók Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital til máls. Hann fjallaði um þróun íslensks hlutabréfamarkaðar frá frumbersku, hvernig Ísland fór úr því að vera markaður með sjávarútvegsfyrirtæki í að vera markaður með fjármálaþjónustufyrirtæki. Hvert er líklegt framhald, er hægt að breyta markaðnum til að þjóna úgefendum og fjárfestum til jafns? Hann telur að lausnin felist m.a. í því að fá stór og stöndug fyrirtæki til skrá sig á hlutabréfamarkað.

Næst síðastur á mælendaskrá var Geir Geirsson, endurskoðandi hjá Ársreikningaskrá RSK. Hann lýsti í sinni ræðu eftirlitshlutverki ársreikningaskrár þ.e. eftirliti með ársreikningum og skilum á þeim, eftirliti á árs- og árs hlutareikningum skráðra félaga og beitingu sekta og viðurlaga o.fl. því tengdu.

Síðasti ræðumaður dagsins var Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta. Hann ræddi m.a. sjónarmiði hins almenna



Margrét Pétursdóttir fv. formaður menntunarnefndar FLE.



fjárfesta með tilliti til öflunar nauðsynlegra upplýsinga úr rekstri fyrirtækja sem ekki lægju ljóslega fyrir í ársreikningum þeirra. Hann taldi að endurskoðandinn ætti, sem fulltrúi hluthafa, að veita hluthöfum svör við slíkum spurningum á hluthafafundum ef eftir þeim væri leitað. Stjórnir og stjórnendur, sem oftast ættu hagsmuna að gæta, sætu einir að upplýsingum frá endurskoðanda sem gætu skipt smærri hluthafa miklu máli.

Ráðstefnunni lauk kl. 14:30 og voru þátttakendur 236 að meðtöldum fyrirlesurum. Þrátt fyrir að efni ráðstefnunnar hafi verið breytt

frá upphaflegri gerð og nýjir fyrirlesarar verið fengnir inn nokkrum dögum fyrir ráðstefnudag, teljum við að vel hafi tekist til. Almennt var gerður góður rómur af framsetningu hennar og málefnum.

Annað af borði menntunarnefndar FLE

Starfsemi menntunarnefndar fram að næsta aðalfundi 2009, mun að mestu vera með sama sniði og hún var á undangengnu ári. Ráðstefnudagar fyrir hinar hefðbundnu ráðstefnur hafa verið ákveðnir þannig:

15. janúar	Námskeið FLE – Reikningsskilanefnd
16. janúar	Skattadagur FLE
16. apríl	Námskeið FLE - Skattanefnd
17. apríl	Endurskoðunardagur FLE
17. sept.	Námskeið FLE – Endurskoðunarnefnd
18. sept.	Reikningsskiladagur FLE
12. nóv.	Námskeið FLE - Gæðanefnd
13.–15. nóv.	Haustráðstefna FLE

Reiknað er með að fyrstu þrjár ráðstefnur ársins verði haldnar í Reykjavík með samsvarandi hætti og undanfarin ár. Tillaga hefur komið fram um að halda haustráðstefnu félagsins utan Reykjavíkur og hefur Akureyri verið nefnd í því sambandi. Síðasta ráðstefna sem haldin var út á landi var á árinu 2003 en þá var hún haldin á Akureyri. Við athugun virðist líklegt að Akureyri sé eina bæjarfélagið utan Reykjavíkur sem getur tekið á móti þeim fjölda þátttakenda sem líkur eru fyrir að muni mæta ef litið er til fyrri slíkra ráðstefna. Fljótlega munu félagmenn fá sendan könnunarlista í tengslum við þessa tillögu en stjórn félagsins hefur fyrir sitt leyti samþykkt þessa staðsetningu ef nægileg þátttaka fæst.

Eins og undanfarið ár munu stutt námskeið verða haldinn dagana fyrir framangreinda ráðstefnudaga þar sem ánægja virðast vera um fyrirkomulagið enda þátttaka verið mjög góð. Ef hugsanlegar lagabreytingar, vegna fjárhaglegra eða reikningslegra aðgerða sem snúa kunna að okkar fagi sérstaklega, kann að verða sett inn námskeið í tengslum við slíkt.

Hugvekja

Birt með leyfi höfundar.

Líður yfir land og haf,
lífsins æðsti dýrðarfríður.
Allt það sem að Guð vor gaf,
geislar til oss hingað niður.

Kyrrðin ríkir, komin nótt,
klukkur þagna, sættir allar.
Alhvít jörðin andar rótt,
undan vetri hjartað kallar.

gleðistundur áramóta.
Áfram verði yndistíð,
alls hins besta skulum njóta.

Bjarni Jónsson endurskoðandi



Ekki bundinn við sömu þúfuna

Stétt löggiltra endurskoðenda á Austurlandi óx fiskur um hrygg í lok síðasta árs þegar fjórir viðskiptafræðingar sem þar hafa starfað luku löggildingarprófi. Fram að því var aðeins einn löggiltur endurskoðandi sem bæði bjó og starfaði á svæðinu. „Þetta voru mikil tíðindi. Það er orðið vel messufært hérna fyrir austan,“ segir einn fjórmenninganna, Magnús Jónsson, hress í bragði en hann starfar hjá KPMG.

Magnús segir fjölgunina ánægjulega. Hún komi til með að styrkja greinina til lengri tíma lítið. „Þetta er mikil innspýting en þess má þó geta að ekki eru allir að vinna við fagið. Þannig er ein sem kláraði löggildinguna um leið og ég að vinna sem fjármálastjóri hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Það eru ýmsir aðrir möguleikar en að vinna á stofu enda eru löggiltir endurskoðendur eftirsóttur starfskraftur.“

Magnús, sem er 32 ára að aldri, fór upphaflega í lögfræði en fann sig ekki í því námi. „Ég hef alltaf haft gaman af tölum og reikningi þannig ég ákvað að prófa viðskiptafræðina,“ segir hann en vettvangurinn var Háskóli Íslands.

Eftir þriggja ára nám urðu breytingar á högum Magnúsar þegar hann eignaðist sitt fyrsta barn. „Þá ákváðum við konan mín að flytja búferlum hingað til Egilsstaða en við erum bæði fædd og uppalinn hér fyrir austan, ég á Borgarfirði eystri og hún á Egilsstöðum. Ég hóf störf hjá KPMG og kláraði fjórða árið í viðskiptafræðinni með vinnu. Nú er ég svo kominn með löggildinguna.“

Sex manns starfa hjá KPMG á Egilsstöðum en auk þess rekur félagið Skrifstofuþjónustu Austurlands (SKRA) í samstarfi við aðila á Egilsstöðum, Borgarfirði og Seyðisfirði, en SKRA sérhæfir sig í þjónustu við einstaklinga og smærri fyrirtæki. „Starfssvæði okkar er frá Djúpvaggi norður á Þórshöfn, þannig við erum mikið á ferðinni,“ segir Magnús.

Maður staðnar ekki

Hann er líka í góðum tengslum við höfuðstöðvar KPMG í Reykjavík. „Fyrirtækið reynir að láta vinnuaflið fljóta þannig að mannskapurinn nýt-

ist sem best. Við fáum fólk austur og förum sjálf suður til að sinna ákveðnum verkefnum þegar þannig stendur á. Það er kosturinn við að vinna hjá svona stóru fyrirtæki að maður er ekki bundinn við sömu þúfuna. Samgöngur milli Reykjavíkur og Egilsstaða eru líka góðar, þannig það er þægilegt að fara á milli. Þetta tryggir enn fremur fjölbreytileika í verkefnum. Maður staðnar ekki.“

Magnús segir starf endurskoðenda á margan hátt fjölbreyttara úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem verkefni séu oft stærri og krafan um sérhæfingu meiri. Þá sé nálægðin við viðskiptamenn oft á tíðum mikil á landsbyggðinni þannig menn kynnist mörgu og ólíku fólki víðsvegar á Austurlandi. „Stór hluti af okkar verkefnum tengist opinberum aðilum, sveitarfélögum og fyrirtækjum tengdum þeim. Annars erum við að sinna fyrirtækjum af ýmsum stærðum og gerðum. Það sem gefur líka lífinu lit er að maður er alltaf að hitta skemmtilega karaktera. Upp til sveita og út til stranda eru menn nefnilega ekki allir steyptrir í sama mótið.“

Beðinn um að tilgreina galla við það að starfa í dreifbýli nefnir Magnús helst skort á sérhæfingu og að meiri hætta sé á því að fara á mis við nýjungar í faginu. Á móti kemur að stóru stofurnar, svo sem KPMG, sjá starfsmönnum sínum fyrir reglulegri og öflugri endurmenntun. „Það er mikill kostur enda lykilatriði að vera vel tengdur.“

Hér er okkar bakland

Magnús unir hag sínum afar vel á Egilsstöðum og gerir ekki ráð fyrir að færa sig um set í náinni framtíð. „Auðvitað á maður aldrei að segja aldrei en eins og sakir standa líður mér afskaplega vel hérna fyrir austan. Eydís, konan mín, er líka í góðri vinnu og hér er frábært að ala upp börn. Við eigum orðið þrjá syni á aldrinum tveggja til sjö ára. Hér er okkar bakland og ekki veitir af þegar vinnudagurinn er jafn langur og í mínu fagi. Það er enginn maður með mönnum nema hann vinni öll kvöld og helgar,“ segir



Magnús Jónsson
endurskoðandi
hjá KPMG á
Egilsstöðum

Magnús og skellir upp úr. „Fyrir vikið er nauðsynlegt fyrir löggilta endurskoðendur að eiga góða konu og gott bakland. Öðruvísi gengur þetta ekki upp.“

Utan vinnu segir Magnús fjölskylduna hafa forgang. Hann fer líka talsvert á veiðar, skýtur rjúpu, gæs og hreindýr. Þá er Magnús mikill íþróttáahugamaður og hefur setið í stjórn bæði körfuboltans og fótoltans í Egilsstöðum. „Síðan reynir maður að sprikla með gömlu félögum en eftir að rofaði til í atvinnumálum hérna eru fjölmargir Austfirðingar á mínum aldri snúnir heim, fólk um og yfir þritugt. Það er mjög ánægjuleg þróun en þetta var ekki að gerast fyrir örfáum árum. Fólk fékk einfaldlega ekki vinnu við hæfi.“

Tilkynning til félagsmanna FLE

Almenna reglan er sú að tilkynningar um fundi og ráðstefnur á vegum FLE eru sendar til félagsmanna með tölvupósti. Félagsmönnum FLE sem óska eftir að fá slíkar tilkynningar í almennum pósti er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins.



Nýir félagar árið 2009

Í árslok 2008 luku 14 einstaklingar verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og öðluðust þar með rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur.

FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



Birgir Karl Óskarsson, KPMG hf.



Björn Helgi Arason, Deloitte hf.



Bragi Guðjónsson, Deloitte hf.



Hjördis Ýr Ólafsdóttir, KPMG hf.



Ingvi Björn Bergmann, Deloitte hf.



Jóhann Geir Harðarson, Nýr Glitnir banki hf.



Jón Sturla Jónsson, Nýr Kaupþing banki hf.



Jón Arnar Óskarsson, KPMG hf.



Kristín Halldórsdóttir, Milestone ehf.



Lilja Dögg Karlsdóttir, KPMG hf.



Ómar Gunnar Ómarsson, Deloitte hf.



Sigurjón Örn Arnarson, KPMG hf.



Sveinn Reynisson, KPMG hf.



Valgerður Kristjánsdóttir, Ernst & Young hf.

Löggildingarpróf

Prófnefnd endurskoðenda hefur lokið yfirferð löggildingarprófa haustið 2008 og gert prófmönnum grein fyrir niðurstöðum.

Alls þreyttu einstaklingar próf að þessu sinni og urðu niðurstöður í einstökum greinum þannig:

Próf í endurskoðun:

20 af 32 náðu tilskilinni lágmarks-einkunn 7,5 eða 62,5 %

Próf í reikningsskilafræðum:

11 af 19 náðu tilskilinni lágmarks-einkunn eða 57,9 %

Próf í skattskilum:

14 af 25 náðu tilskilinni lágmarks-einkunn eða 56,0 %

Próf í gerð reikningsskila:

12 af 23 náðu tilskilinni lágmarks-einkunn eða 52,2%.

14 einstaklingar hafa lokið öllum fjórum prófunum með tilskilinni lágmarkseinkunn og hljóta löggildingu sem endurskoðendur.

Prófnefnd



Afhending löggildingarskírteina í byrjun árs 2009





GOLF annáll



Sigurður Tómasson,
endurskoðandi
og forseti
alþjóðadeildar
Golfhóps FLE

Fyrri spakmæli dagsins er haft eftir hinum fræga bandaríska rithöfundum Mark Twain: „Golf er eyðilegging á góðum göngutúr“. Mark Twain andaðist árið 1910. Ef hann í dag bara vissi hversu margir einstaklingar um allan heim eru daglega að eyðileggja góðan göngutúr !

Golfár endurskoðenda 2008 var ekki stórt í sniðum og viðburðir færri en oft áður. Enn þykir þó við hæfi en koma því helsta til skila í árlegum golfpistli þannig allir í félaginu, jafnt þeir sem leika golf sem og aðrir sem ekki hafa enn látið golfdraum sinn rætast, megi verða sem best upplýstir um það sem gerist á þessum vettvangi. (Í raun er hér um að ræða nákvæmlega sömu byrjun og í golfgrein síðasta árs.)

Um langt árabíl hafa liðsmenn golfdeildar FLE haft árlega keppni við annars vegar lögmenn og hins vegar við tannlækna. Keppnin við tannlækna fór fram í byrjun júlí á Kálfatjarnarvelli, Vatnsleysuströnd. Tannlæknar voru höfðinglegir þetta árið og komu með nýjan bikar til að keppa um. Slíkum rausnarskap verður aðeins svarað á einn veg og lauk viðureigninni með sigri tannlækna. Þeir hafa löngum verið duglegri við holufyllingar en við og það var okkar hlutskipti þetta árið að tapa með minnsta

mun. Keppnin við lögmenn var haldin í byrjun júní á Hvaleyrarvelli og lauk þeirri viðureign með jafntefli og lögmenn halda því enn áfram þeim bikar sem lið þessara aðila hafa keppt um mörg undanfarin ár. Lögmenn náðu að sigra árið 2005 og hafa síðan haldið bikarum með jafntefli eða þá að keppni hefur fallið niður. Þetta árið eru endurskoðendur án bikars og er orðið nokkuð um liðið síðan sú staða kom upp. Eins og alltaf í þessari íþrótt þá ríkir sá íslenski olympíuandi að meira virði sé að vera með en handleika verðlaun.

Meðan endurskoðendur komu oftar saman í golfleik en nú er orðið, þá var Meistaramót FLE haldið í lok golf tímabils sem einkonar vertíðarlok. Meistaramótið fór nú fram í 27. sinn fimmtudaginn 11. september á Korpúlfsstaðavelli (Korpuvelli). Korpúlfsstaðir í Reykjavík eiga sér merka sögu og er fyrst getið í Kjalnesingasögu. Þar er getið um Korpúlfbónda, gamall maður og forn í brögðum. Korpúlfsstaðir var sjálfstæð jörð 1234, m.a. eign Viðeyjarklausturs, varð síðan eign konungs og seld árið 1810. Svo er lítið af jörðinni að fréttu fyrir en kemur fram á 20. öld. Einar Benediktsson skáld eignaðist jörðina við arf eftir föður sinn og seldi síð-

an Thor Jensen jörðina árið 1922. Thor hóf strax miklar jarðabætur og búrekstur og byggði húsið, sem enn stendur, árið 1929. Í þessu húsi var íbúð ráðsmanns og herbergi fyrir fjölda vinnufólks, stór matsalur fyrir 70 manns og svo fjós ásamt hlöðu fyrir 300 kýr þegar mest var. Fjosið var á þeim tíma talið hið fullkomnasta á Norðurlöndum og túnið taldist vera 106 hektarar. Búrekstur stóð þó ekki lengi þarna því Alþingi sá til þess að samþykkja Mjólkursölulög árið 1934 sem voru eins og „hengingaröl á mjólkurframleiðendur í Reykjavík og nágrenni“ svo vitnað sé í kynningarrit. Þetta var allt mikil pólitík og líklega ekki rétt að fjalla meir um slíkt í golfgrein. Búrekstur dróst því fljótt saman á Korpúlfsstöðum og lagðist af árið 1970. Reykjavíkurbær hafði keypt jörðina af Thor Jensen árið 1942 og hefur átt síðan. Enn þann dag í dag vekja byggingarnar á Korpúlfsstöðum athygli fyrir glæsileik og bera fagurt vitni um stórhug framkvæmdamanns. Og golfarar þeytast nú um túnin sem Thor lagði mikla vinnu í að rækta.

Dagsetning meistaramótsins vakti athygli og kallaði á athugasemd athuguls golfara. Þeir sem þekka til staðháttu við Korpuvöll vita að stórhýsið þar þjónar margskonar tilgangi og í nyrðri endandum hefir Golfklúbbur Reykjavíkur sína aðstöðu við Korpuvöll. Við þann enda rísa 2 turnar viðfestir aðalbyggingunni – súrheysturnar. Tvíburaturnar. Að halda golfmót í skugga tvíburaturna þann 11. september þótti bera vott um að mótshaldari vildi storka örlögunum. Varla hafa menn þó talið að súrheysturnarnir ættu eftir að lenda í árekstri við flugvél og hrynja yfir golfara þennan dag en þetta aðeins sett fram sem skemmtilegur og sérstakur áhittingur. En það var fleira eftirminnilegt sem skeði í Reykjavík þennan dag, 11. september 2008. Ráðherra afhenti verðlaun fyrir Árskýrslu ársins 2007 og



Balbirnie House hótelið.

umsögn dómnefndar um ársskýrsluna voru m.a. að „Umfjöllun um samfélagslega ábyrgð er góð. Reikningarnir eru skýrir og vel fram settir“. Landsbanki Íslands hlaut verðlaunin. Þá voru 26 dagar í bankahrunið mikla. Kannski hvíldi bankaleynd yfir ársreikningnum og því fór sem fór.

En nú að sjálfri golfkeppninni. Alls mættu 20 endurskoðendur til leiks og aðeins einu sinni áður hafa keppendur verið fleiri. Flestum að óvörum, miðað við fyrri reynslu og árstíma, þá var veðrið eins hagstætt og hugsast gat. Logn og hlýtt og fallett veður þannig umhverfið allt skartaði sínu fegursta. Allir luku leik og nutu dagsins. Um framkvæmd mótsins sáu Ívar Guðmundsson og greinarhöfundur. Í mótslokin fór fram verðlaunaafhending og úrslit kynnt og ekki spillti fyrir við verðlaunaafhendinguna að fyrirtækið Bakkus ehf. lagði til eitthvað rennilegt í verðlaun auk þess sem gull, silfur og brons medalíur komu frá okkur. Golfmeistari FLE árið 2008 er Ragnar Bogason sem nú sigraði í fyrsta sinn á þessu móti. Ragnar Bogason lék einnig best án forgjafar og varð því tvöfaldur sigurvegari. Íþróttasíða FLE fréttar óskar Ragnari til hamingju með meistaratitilinn. Öldungameistari (55 ára og eldri) varð Guðmundur Frímannsson og hann fær sömuleiðis hamingjuóskir.

Hefð er komin á golfferð endurskoðenda til Skotlands í maí hvert ár. Ellefta vorferð FLE golfara var farin dagana 8.–15. maí 2008 og í þetta sinn var ferðinni heitið á golfhótel í nánunda við borgina Glenrothes í Perth héraði. Fyrir tæpum 10 árum hafði golfhópurinn komið á þær slóðir sem nú skyldi haldið á. Glæsilegur golfvöllur og forn hótélbygging hafði síðan virkað sem segull á nokkra í hópnum og nú skyldi haldið á þessi mið. Áfangastaðurinn eða hótelið heitir Balbirnie House, sveitasetur eða bústaður heldri manna frá árinu 1777. Hótélbyggingin er nú í hópi þeirra bygginga á Skotlandi sem mest varðveislu gildi hafa (Grade A), bæði vegna sögulegrar þýðingar og eins vegna byggingalistarinnar. Húsið er með fyrstu húsum í Skotlandi sem byggt var eftir klassískum (grískum) stíl og að auki líklega það stærsta. Þó greinilega hafi sitthvað verið gert fyrir húsið frá fyrstu dögum þá má enn merkja gömlu tímana, notalegt marr í trégólfum á göngum og í stigum. En þó fornt sé þá er aðstaðan öll notaleg og gott úr-



Eldri endurskoðandi sólar sig í hallargarðinum við Balbirnie hótelið.

val Malt Whisky prýddi barveggina í upphafi og tilveran þarna ekkert annað en himnesk hvíld frá öllu áreiti hins daglega lífs í sundurtættum fjármálaheimi. Burt frá öllum skarkala og áreiti stórborga þá er hótélbyggingin umlukin hæðóttu skóglendi í eigin hallargarði sem er um 170 hektarar að stærð. Sett í stærri tölur þá nálgast stærðin að vera 1.700.000 fermetrar. Dálaglegt skóglendi það. Fjölmargar trjategundir ókunnar norðlægari slóðum eru í þessum garði og heitin á þeim óþekktanleg fyrir golfáhugamenn frá Íslandi. Fjölmargar tegundir alparósa eru enn fremur í þessum garði og þykir fjölbreytileiki þeirra vera með því mesta sem gerist á Skotlandi.

Í þessari landslagsparadís fundum við einnig aðra paradís og hana ekki síðri. Veðurfars-

lega paradís. Ekki dropi úr lofi nema eina næturstund, smávæta. Létt skýjafar flesta morgna en sólfar ágætt um eftirmiðdagana. Ekki hreyfði vind allan tímann sem við vorum þarna. Óvanalegt fyrir Skotland sem oft er talið vera bæði regn- og vindasamt. En ekki þessa viku. Óhætt er að fullyrða að veðurfarslega var þetta best heppnaða ferðin til Skotlands en um leið er líka ástæða til að láta það koma fram að almennt höfum við verið mjög heppnir með veður og aldrei hefur komið sá dagur öll þessi ár að við höfum þurft að sleppa því að leika golfi einhvern daginn vegna veðurs.

Við vorum 16 endurskoðendur sem fórum í golfferðina til Skotlands og dvöldum í góðu yfirlæti á Balbirnie hótelinu. Sérstaka ánægju vakti það með okkur að hótelið var í ferli að ná



Fjórir stæltir strákar mættir á teig.

sér í Michelin gæðastimpil á eldhúsið / matseldina / framreiðsluna þannig við upplíðum góða matarhátíð þann tíma sem við dvöldum þarna. Ferð til Skotlands er ekkert endilega farin til að upplífa eitthvað sérstakt í matseld og því kom þessi viðbót skemmtilega á óvart. Reyndar svo að allan tímann heyrðist aldrei óánægjurödd með framborinn mat og er það reynsla út af fyrir sig að aldrei skuli koma fram óánægjurödd með matinn í þetta stórum hóp. Kannski er einu sinni ástæða til að nafngreina í golfgrein alla þá endurskoðendur sem voru í þessum hópi og eru þeir þá nefndir í stafrófsröð: Árni Tómasson (x), Guðjón Eyjólfsson (x), Guðlaugur R. Jóhannsson, Guðmundur Frímansson, Guðmundur Hjaltason, Gunnar Hjaltalín (x), Heimir Haraldsson, Ívar Guðmundsson (x), Jón Þ. Hilmarsson (x), Jónatan Ólafsson, Ólafur

G. Sigurðsson, Ómar Kristjánsson (x), Sigurður Tómasson (x), Stefán Franklín, Stefán Svavarsson, Tryggvi Jónsson. Merkingin (x) fyrir aftan nafn þýðir að viðkomandi hefur farið í allar 11 golfferðirnar til Skotlands eða alls 7 úr hópnum. Frá upphafi hafa alls 27 endurskoðendur tekið þátt í þessum golfferðum til Skotlands, misoft hver og einn, allt frá 1 sinni til 11 sinnum.

Einn hluti af ferð okkar til Skotlands öll þessi ár hefur verið að hitta skoska endurskoðendur frá Edinborgarsvæðinu og eiga með þeim dagstund við golf og leik. Hefur aldrei brugðist að þetta hafa verið ánægjulegir samfundir og oft verið góðar stundir til að rifja upp fyrri ár og kynni. Nú brá svo við að ákveðið var að sleppa þessum samfundum og lágu til þess félagslegar ástæður frekar en vanmáttur annars hvors að-

ilans við að mæta til golfleiks. Hinar félagslegu ástæður skrifast annars vegar á aldursskiptingu okkar hóps og tiltölulega stöðuga mætingu sama hóps ár eftir ár og hins vegar sífellt yngri þátttakendur frá skoskum endurskoðendum og tíð mannaskipti, ný og ný andlit síðustu 2–3 árin þannig okkur fannst við meir en áður vera á byrjunarreit í kynningarferli. Allt þetta var tíundað nákvæmlega í pótskriftum við nýjan forsvarsmann skoskra endurskoðenda og að teknu tilliti til aðstæðna var það sameiginleg ákvörðun beggja liðsstjóra að sleppa þessum samfundum árið 2008. Athuga málin betur vorið 2009 og athuga hvort skapa mætti grundvöll til að halda þessum fundum áfram. Á þessari stundu skal ósagt látið hvað framtíðin ber í skauti sér en vissulega hefur þetta verið skrautfjöldur í golfhúfu hópsins frá FLE og ákveðinn söknuður ef þetta fellur niður. Sumir segja einum sigrinum færra fyrir FLE sem golfhóp ! En hér skal aðeins tíundað að móttaka skotanna öll þessi ár hefur verið með eindæmum góð og við vissulega fundið það að við vorum ávallt auðfúsugestir. Sama er reyndar að segja um félagsmenn í Balbirnie golfklúbbum þar sem við spiluðum alla 7 dagana í Skotlandi vorið 2008. Þeir höfðu á orði að ef við kæmum aftur til Balbirnie þá þyrfti að setja upp keppni milli félagsmanna golfklúbbsins og þessa dagsfarsprúða golfhóps FLE frá Íslandi. Hvort þessi góða ímynd okkar dugar í dag eftir bankagosið 2008 vitum við að sjálfsgöðu ekki.

Seinna spakmæli þessarar greinar er haft eftir Arnold Palmer og skrifast þannig : „Að fá að leika golf í fögru umhverfi er hluti af því sem golf snýst um“. Þetta eru kannski ekki mikil spakmæli hjá einum frægasta kylfingi heims. En þetta er til á prenti, haft eftir þessum mæta manni, og greinarhöfundur fannst þetta viðeigandi endir á greininni þegar hann rifjar upp velheppnaða golfferð endurskoðenda til Skotlands vorið 2008.

What's the definition of unlikely?

A photo-spread in Playboy titled 'The World's Top Accountants – Nude!'.



Q: What is the definition of an accountant?

A: Someone who solves a problem you didn't know you had in a way you don't understand.